



## Bæjarstjórn Garðabæjar 9. (849)/2019

Boðað er til 9. (849). fundar bæjarstjórnar fimmtudaginn 6. júní 2019 kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu.

### Dagskrá:

1. 1905246 - Kosning forseta bæjarstjórnar og 1. og 2. varaforseta til eins árs.
2. 1905247 - Kosning fimm fulltrúa í bæjarráð til eins árs.
3. 1905248 - Kosning varafulltrúa í stjórn Strætó bs.
4. 1905201 - Kosning aðal- og varafulltrúa í fulltrúarráð Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélag Íslands.
5. 1905034F - Fundargerð bæjarráðs frá 21/5 '19.
6. 1905047F - Fundargerð bæjarráðs frá 28/5 '19.
7. 1905057F - Fundargerð bæjarráðs frá 4/6 '19.
8. 1905037F - Fundargerð fjölskylduráðs frá 22/5 '19.
9. 1905020F - Fundargerð leikskólanefndar frá 16/5 '19.
10. 1905028F - Fundargerð menningar- og safnanefndar frá 17/5 '19.
11. 1906001F - Fundargerð menningar- og safnanefndar frá 3/6 '19.
12. 1905021F - Fundargerð skólanefndar grunnskóla frá 15/5 '19.
13. 1905016F - Fundargerð skólanefndar tónlistarskóla Garðabæjar frá 16/5 '19.
14. 1905022F - Fundargerð umhverfisnefndar frá 15/5 '19.
15. 1905040F - Fundargerð samráðshóps um málefni fatlaðs fólks frá 21/5 '19.
16. 1903017F - Fundargerð stjórnar Hönnunarsafns Íslands frá 11/3 '19.
17. 1901420 - Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 27/5 '19.
18. 1901407 - Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 17/5 '19.
19. 1902158 - Fundargerð samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsv. frá 14/5 '19.
20. 1901198 - Fundargerðir stjórnar Sorpu bs. frá 29/4 og 29/5 '19.
21. 1510103 - Samningur félagsmálaráðuneytisins og Garðabæjar um móttöku, aðstoð og þjónustu við hóp flóttafólks 2019-2021.



22. 1804081 - Samningur Garðabæjar og Skátafélagsins Vífils um styrk til byggingar útilífsmiðstöðvar í Heiðmörk.
23. 1906038 - Tillaga Garðabæjarlistans um stofnun stýrihóps og ráðningu verkefnastjóra.
24. 1906037 - Tillaga Garðabæjarlistans um gagnsærri stjórnsýslu.

Gunnar Einarsson,  
bæjarstjóri.

**Bæjarstjórn Garðabæjar**  
**8. (848). fundur 2019**

Fimmtudaginn 16. maí 2019 kl. 17:00 kom bæjarstjórn Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu.

Fundinn sátu: Gunnar Valur Gíslason, Áslaug Hulda Jónsdóttir, Guðfinnur Sigurvinsson, Sigurður Guðmundsson, Jóna Sæmundsdóttir, Almar Guðmundsson, Björg Fenger, Gunnar Einarsson, Ingvar Arnarson, Harpa Þorsteinsdóttir og Valborg Ösp Á Warén.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Fundurinn er hljóðritaður.

Gunnar Valur Gíslason, forseti bæjarstjórnar, setti fund og stjórnaði.

Fundargerð bæjarstjórnar frá 2. maí 2019 er lögð fram.

Gengið er til dagskrár og fyrir tekið:

**1. 1905003F - Fundargerð bæjarráðs frá 7/5"19.**

Sigurður Guðmundsson, ræddi 7. tl. og 9 tl., afgreiðslu skipulagsnefndar varðandi tillögu að deiliskipulagi Gálghrauns og Garðahrauns efra og vakti athygli á að um er að ræða tillögu um forkynningu og íbúafund sem þegar hefur verið haldinn.

*Afgreiðsla mála.*

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um að tillaga að nýju deiliskipulagi Gálghrauns verði kynnt íbúum og hagsmunaaðilum á íbúafundi, sbr. 3. mgr. 40. gr. skipulagsлага nr. 123/2010.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um að heimila útgáfu byggingarleyfis vegna lokunar svalaryðmis einbýlishússins að Hraungötu 8 en um óverulegt frávik er að ræða sem ekki varðar neina grenndarhagsmuni og þarf því ekki að koma til breytinga á deiliskipulagi sbr. heimild í 3. mgr. 43. gr. skipulagsлага nr. 123/2010.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um að tillaga að nýju deiliskipulagi Garðahrauns efra verði kynnt íbúum og hagsmunaaðilum á íbúafundi, sbr. 3. mgr. 40. gr. skipulagsлага nr. 123/2010.

Fundargerðin sem er 20 tl. er samþykkt samhljóða.

**2. 1905019F - Fundargerð bæjarráðs frá 14/5"19.**

Sigurður Guðmundsson, ræddi 8. tl., afgreiðslu skipulagsnefndar varðandi tillögu að deiliskipulagi fyrir Garðahraun og gerði grein fyrir breytingum sem lagðar eru til við þá tillögu sem kynnt var.

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi 8. tl., afgreiðslu skipulagsnefndar varðandi tillögu að deiliskipulagi fyrir Garðahraun og sagði frá afgreiðslu málsins í umhverfisnefnd þar sem fram kom stuðningur við tillöguna með áorðnum breytingum.

Ingvar Arnarson, ræddi 8. tl., afgreiðslu skipulagsnefndar varðandi tillögu að deiliskipulagi fyrir Garðahraun.

Guðfinnur Sigurvinsson, ræddi 8. tl., afgreiðslu skipulagsnefndar varðandi tillögu að deiliskipulagi fyrir Garðahraun.

Almar Guðmundsson, ræddi 2. tl., erindi Stjörnunnar um endurnýjun samstarfssamnings.

Harpa Þorsteinsdóttir, ræddi 2. tl., erindi Stjörnunnar um endurnýjun samstarfssamnings.

Björg Fenger, ræddi 2. tl., erindi Stjörnunnar um endurnýjun samstarfssamnings og 26. tl., bréf mennta- og menningarmálaráðherra um íþróttastefnu.

Gunnar Einarsson, ræddi 2.tl., erindi Stjörnunnar um endurnýjun samstarfssamnings. Gunnar vakti athygli á að á aðalfundi Stjörnunnar sem haldinn var 7. maí sl. var bæjarritara veitt heiðursviðurkenning, gullstjörnu með lárviðarsveig en þeir sem þá viðurkenningu hljóta teljast heiðursfélagar Stjörnunnar. Þá ræddi Gunnar 15. tl., afgreiðslu skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hnoðraholt Vetrarmýrar og sagði frá fundi með íbúum Hnoðraholt um skipulagsmál.

*Afgreiðsla mála:*

Bæjarstjórn samþykkir eftirfarandi viðauka nr. 2 og nr. 3 við fjárhagsáætlun 2019 samkvæmt 2. mgr. 63. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Viðauki 2.

Breyting var gerð á rekstri vallarhúss á Álftanesi frá og með haustinu 2018. Húsið var áður nýtt sem tómstundaheimili fyrir nemendur Álftanesskóla, en er nú notað sem þjónustuhús við íþróttavellina á Álftanesi. Húsið hefur verið endurbætt og lagfært til að geta tekið við því hlutverki sem því var upphaflega ætlað. Rekstur hússins var vanmetinn við afgreiðslu fjárhagsáætlunar og er nú leiðréttur með viðauka.

Rafmagn	kr. 1.045.000	06622-2511
Heitt vatn	kr. 180.000	06622-2521
Kalt vatn	kr. 50.000	06622-2523
Öryggisgæsla húsvarsла	kr. 50.000	06622-4370
Fasteigna-bún.leiga eignasjóður	<u>kr. 5.875.000</u>	06622-4411
Samtals	kr. 7.200.000	

Kostnaðarauka skal mætt með lækkun á varasjóði um sömu upphæð  
Varasjóður kr. 7.200.000 (lækkun) 31916-7179

Viðauki 3.

Fjárhagsáætlun ársins 2019 gerir ráð fyrir 1.445 mkr. lántöku. Upphafleg áætlun gerði ráð fyrir 1.400 mkr. lántöku á árinu auk þess sem samþykktur hefur verið viðauki 1 við fjárhagsáætlun sem gerir ráð fyrir 45 mkr. viðbót vegna kaupa á landi á Álftanesi. Lagt er til að hækka lántöku ársins um 55 mkr. vegna góðra lánskjara Lánasjóðs sveitarfélaga og mikilla framkvæmda á árinu. Lántaka samkvæmt fjárhagsáætlun verður þá samtals 1.500 mkr.

Lántaka kr. 55.000.000 færð á efnahag.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um að auglýsa samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 41. gr. sömu laga tillögu að deiliskipulagi fyrir Garðahraun efra - fólkvangur.

Eftirfarandi breytingar hafa verið gerðar á þeirri tillögu sem kynnt var.

Að aðalstígur sem sýndur er hjá Hádegishóli verði breytt í stikaða leið.

Að tenging við Molduhraun á móts við Vesturhraun 5 verði feld út sem aðalstígur.

Að malarstígur á uppdrætti verði öllum breytt í stikaðar leiðir.

Að sett verði ákvæði um það í skilmálum að heimilt sé að gera lítilsháttar breytingar á stikuðum leiðum sem auðvelda fólk aðgengi, svo sem með því að fjarlægja steina eða leggja hraunhellur sem upp- og niðurstigi á stöku stað.

Að heimilt verði að útfæra stikaða leið á stöku stað sem malarslóða ef sýnt er fram á að umferð gangandi fólks sé að valda skemmdum á náttúrulegum gróðri.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um að umsókn um byggingarleyfi við núverandi hús við Lambhaga 5 verði grenndarkynnt samkvæmt 1. mgr. 44. gr. skipulagsлага nr. 123/2010.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um að hafna umsókn lóðarhafa að Urðargötu 1 um breytingu á ákvæðum deiliskipulags 3. áfanga norðurhluta Urriðaholts er varðar þakhalla.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um að fram fari grenndarkynning vegna tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi Arnarness í tilefni umsóknar lóðarhafa að Haukanesi 10 um stækkun byggingarreits, sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagsлага nr. 123/2010 og 2. mgr. 44. gr. sömu laga.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um að auglýsa samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagsлага nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 41. gr. sömu laga tillögu að breytingu á deiliskipulagi Ása og Grunda er varðar svæði við Ægisgrund.

Eftirfarandi breytingar hafa verið gerðar á þeirri tillögu sem kynnt var.

Að lóð fyrir einbýlishús við Þórmörk verði felld út úr tillöggunni.

Að kveðið verði á um skýra aðgreiningu á göngustíg og aðkomu að Þórmörk frá Ægisgrund.

Að lögun og stærð nýrra íbúðarhúsalóða og byggingarreita við Ægisgrund verði sambærileg við núverandi lóðir. Gera skal ráð fyrir 3 bílastæðum á lóð.

Að gert verði ráð fyrir grænu svæði milli Njarðargrundar og nýrra húsa og sett kvöð um gróðurbelti.

Samhliða skal auglýst tillaga að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 samkvæmt 2. mgr. 41. gr. skipulagsлага.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um að auglýsa samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagsлага, sbr. 36. gr. sömu laga tillögu að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2016 - 2030 vegna svæðis á grundum.

Samhliða skal auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi Ása og Grunda samkvæmt 2. mgr. 41. gr. skipulagsлага.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um að auglýsa endurskoðað deiliskipulag fyrir Molduhraun samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagsлага nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 41. gr. sömu laga.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Bæjargarðs samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagsлага nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 41. gr. sömu laga.

Fundargerðin sem er 28 tl. er samþykkt samhljóða.

### **3. 1904033F - Fundargerð fjölskylduráðs frá 24/4"19.**

Áslaug Hulda Jónsdóttir, kvaddi sér hljóðs og bar upp fyrirspurn um stöðu mála varðandi undirbúning við móttöku flóttamanna.

Gunnar Einarsson ræddi sama mál og svaraði fyrirspurn.

Fundargerðin er lögð fram.

### **4. 1905013F - Fundargerð menningar- og safnanefndar frá 10/5"19.**

Gunnar Valur Gíslason, ræddi 1. tl., jazzhátið Garðabæjar og lýsti ánægju með undirbúning og framkvæmd hátiðarinnar. Gunnar Valur færði Sigurði Flosasyni, listrænum stjórnda hátiðarinnar sérstakar þakkar fyrir hans hlutdeild. Þá ræddi Gunnar Valur 2. tl., samstarf við Grósku, 5. tl. menningaruppskeruhátið 2019 og 6. tl., fyrirhugaðan sameiginlegan fund menningar- og safnanefndar og stjórn Hönnunarsafns Íslands.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, ræddi 3. tl., hvatningarsjóð ungra listamanna og 2. tl., samstarf við Gróska.  
Áslaug Hulda fjallaði sérstaklega um samstarf við Gróska um Jónsmessugleði.

Björg Fenger, 3. tl., hvatningarsjóð ungra listamanna og 2. tl., samstarf við Gróska. Björg lýsti sérstakri ánægju með vel heppnaða sumarsýningu Gróska á göngugötunni við Garðatorg.

Almar Guðmundsson, kvaddi sér hljóðs og vakti athygli á vorsýninu eldri borgara í Garðabæ í Jónshúsi.

Guðfinnur Sigurvinsson, ræddi 2. tl., samstarf við Gróska og Jónsmessugleðina.

Gunnar Valur Gíslason, ræddi 2. tl., samstarf við Gróska og Jónsmessugleðina.

Fundargerðin er lögð fram.

#### **5. 1904042F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 2/5"19.**

Sigurður Guðmundsson, ræddi almennt um helstu verkefni skipulagsnefndar og vék sérstaklega að því verkefni að endurnýja og staðfesta deiliskipulög fyrir eldri hverfi.

Fundargerðin er lögð fram.

#### **6. 1905015F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 10/5"19.**

Fundargerðin er lögð fram.

#### **7. 1901316 - Fundargerð SHS frá 3/5"19.**

Ingvar Arnarson, ræddi 1. tl., félagsdóm, 4. tl., búsetu í atvinnuhúsnæði og 6. tl. önnur mál - viðbragðstíma slökkviliðsins í alþjóðlegu samhengi.

Gunnar Einarsson, ræddi sömu mál og svaraði fyrirspurnum.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, ræddi 4. tl., búsetu í atvinnuhúsnæði.

Fundargerðin er lögð fram.

#### **8. 1901375 - Fundargerð SSH frá 6/5"19.**

Ingvar Arnarson, ræddi 7. tl., ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk.

Björg Fenger, ræddi sama mál og svaraði fyrirspurn.

Gunnar Einarsson, ræddi 7. tl., ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk.

Fundargerðin er lögð fram.

#### **9. 1901407 - Fundargerð Strætó bs frá 3/5"19.**

Björg Fenger, ræddi 4. tl., persónuverndarstefnu Strætó bs. og 5. tl., önnur mál – könnun um aðgengi fatlaðs fólks að strætisvögnum og biðstöðvum Strætó.

Fundargerðin er lögð fram.

## **10. 1905085 - Drög að samkomulagi aöldarsveitarfélaga SSH um tæknilegan og fjárhagslegan undirbúning að lagningu Borgarlínu**

Gunnar Einarsson, gerði grein fyrir tillögu að samkomulagi um samstarf um tæknilegan og fjárhagslegan undirbúning að lagningu hágæða almennингssamgangna á höfuðborgarsvæðinu (Borgarlínu).

„Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkir samkomulag um tæknilegan og fjárhagslegan undirbúning 2019-2020 vegna lagningu Borgarlínu enda liggi fyrir samkomulag allra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Framlag sveitarfélaganna kr. 500 mkr er með fyrirvara, sbr. 5. tl. samkomulagsins þar sem fram kemur að gert er ráð fyrir sama framlagi frá ríki og að samkomulag náist milli ríkis og sveitarfélaga um uppyggingu samgangna á höfuðborgarsvæðinu til ársins 2033.“

Bæjarstjórn samþykkir að leggja fram eftirfarandi bókun við afgreiðslu málsins.

Bæjarstjórn Garðabæjar fagnar fyrirliggjandi samningum um undirbúning að lagningu Borgarlínunnar. Um er að ræða tæknilegan og fjárhagslegan undirbúning að hágæða almennингssamgöngum á höfuðborgarsvæðinu og fyrirkomulag og verkefnaskiptingu Vegagerðarinnar og SSH vegna þessa. Verkefnið er mikilvægur liður í því samkomulagi sem unnið er að á milli ríkisins og sveitarfélaganna um uppyggingu samgangna á höfuðborgarsvæðinu til ársins 2033. Samkvæmt erindisbréfi starfshóps sem vinnur að því er markmiðið að komast að samkomulagi um fjármögnun 102 milljarða fjárfestingaráætlunar í samgöngumálum á höfuðborgarsvæðinu, eða um 7 milljarða á ári í 15 ár. Uppbygging samgangna á höfuðborgarsvæðinu, stofnbrauta, almennингssamgangna og hjóla- og göngustíga, er afar brýnt viðfangsefni til að ná fram markmiðum um betra umferðarflæði, meira öryggi vegfarenda og til að draga úr mengun á svæðinu. Samþykkt á fyrirliggjandi samkomulagi um næstu skref hvað almennингssamgöngurnar varðar er mikilvæg en framhald heildaruppgöggunar samgöngumannvirkjanna ræðst síðan af því hvort ásættanlegt samkomulag náist á milli ríkis og sveitarfélaga.

## **11. 1806461 - Lántaka samkvæmt fjárhagsáætlun 2019**

Gunnar Einarsson, gerði grein fyrir eftirfarandi tillögu um lántöku hjá Lánaþjóði sveitarfélaga að fjárhæð kr. 500.000.000.

„Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkir hér með á bæjarstjórnarfundi að taka lán hjá Lánaþjóði sveitarfélaga að höfuðstól allt að kr. 500.000.000 með lokagjalddaga þann 5. apríl 2034, í samræmi við skilmála að lánasamningi sem liggja fyrir á fundinum og sem bæjarstjórn hefur kynnt sér. Bæjarstjórn samþykkir að til tryggingar lárinu (höfuðstól, uppgreiðslugjaldi auk vaxta, dráttarvaxta og kostnaðar) standi tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, nánar tiltekið útsvarstekjum sínum og framlögum til sveitarfélagsins úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Er lánið tekið til fjármögnunar á byggingu grunnskóla í Urriðaholti og viðbyggingu við grunnskóla á Álfanesi sem felur í sér að vera verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánaþjóð sveitarfélaga nr. 150/2006. Jafnframt er Gunnari Einarssyni, bæjarstjóra, kt. 250555-4079, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Garðabæjar að undirrita lánnssamning við Lánaþjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns.“

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða tillögu um lántöku hjá Lánaþjóði sveitarfélaga að fjárhæð kr. 500.000.000, fimmhundruðmilljónirkróna.

## **12. 1905171 - Tillaga um að taka saman upplýsingar um kolefnislosun**

Áslaug Hulda Jónsdóttir, kvaddi sér hljóðs og lagði fram eftirfarandi tillögu sem hún flytur ásamt Jónu Sæmundsdóttur og Guðfinni Sigurvinssyni.

„Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkir að fela umhverfis- og tæknisviði að taka saman upplýsingar um kolefnislosun sveitarfélagsins. Auk þess að koma með tillögur um leiðir og aðgerðir til að draga úr losun og auka kolefnisbindingu í sveitarfélaginu með það að markmiði að kolefnisjafna starfsemi sveitarfélagsins.“

Greinargerð:

Baráttan við loftlagsbreytingar af mannavöldum er eitt stærsta viðfangsefni samtímans.

Í aðgerðaráætlun ríkisstjórnarinnar í loftlagsmálum er unnið eftir markmiðum Parísar-samningsins til 2030 og stefnt er að kolefnishlutleysi á Íslandi árið 2040. Orkuskipti í samgöngum og átak í kolefnisbindingu eru tvö helstu áhersluatriði þessarar aðgerðaáætlunar.

Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna telur að 70% til 90% nauðsynlegra aðgerða í loftlagsmálum séu bundin sveitarstjórnarstiginu. Hér gegna sveitarfélögin því lykilhlutverki. Það er því mikilvægt að sveitarfélögin taki þátt í þessu mikilvæga verkefni af fullum þunga og horfi þar til samgangna, endurheimtur votlendis, úrgang, flokkun og aðrar grænar lausnir með það að markmiði að fækka sótsporum í starfsemi sveitarfélagsins.

Jóna Sæmundsdóttir, tók til máls.

Guðfinnur Sigurvinsson, tók til máls.

Harpa Þorsteinsdóttir, tók til máls.

Ingvar Arnarson, tók til máls.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarstjórnar 16. maí 2019 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddir  
bæjarfulltrúa.

Gunnar Valur Gíslason, (sign)

Sigurður Guðmundsson, (sign)

Ingvar Arnarson, (sign)

Valborg Ösp Á Warén, (sign)

Harpa Þorsteinsdóttir, (sign)

Guðfinnur Sigurvinsson, (sign)

Björg Fenger, (sign)

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)

Jóna Sæmundsdóttir, (sign)

Almar Guðmundsson, (sign)

Gunnar Einarsson, (sign)

**Bæjarráð Garðabæjar**  
**19. (1880). fundur 2019**

Þriðjudaginn 21. maí 2019 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarráðs í Ráðhúsi Garðabæjar við Garðatorg.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir, aðalmaður, Sigurður Guðmundsson, aðalmaður, Almar Guðmundsson, aðalmaður, Ingvar Arnarson, aðalmaður, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur, Hildigunnur Árnadóttir, félagsráðgjafi og Hulda Hauksdóttir upplýsingastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

**1. 1904291 - Lyngás 17 - Umsókn um byggingarleyfi.**

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Reitum-iðnaði ehf., kt. 530117-0570 leyfi fyrir innri breytingum á núverandi atvinnuhúsnæði við Lyngás 17.

**2. 1905017 - Hörgatún 2 - Umsókn um byggingarleyfi.**

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Hávarðarstöðum ehf., kt. 540617-0150 leyfi fyrir innri breytingum á núverandi atvinnuhúsnæði við Hörgatún 2.

**3. 1904325 - Hólmatún 11 - Umsókn um byggingarleyfi.**

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Gunnari Val Gíslasyni, kt. 060358-6809 leyfi fyrir innri breytingum á núverandi raðhúsi við Hólmatún 11.

**4. 1905186 - Lyngás 12 - Umsókn um byggingarleyfi.**

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Bifreiðaverkstæðinu Lyngási 12 ehf., kt. 530110-1330 leyfi fyrir nýrri innkeyrsluhurð á núverandi atvinnuhúsnæði við Lyngás 12.

**5. 1805204 - Dýjagata 12 (áður 14) - Umsókn um byggingarleyfi.**

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Tómasi Jónassyni, kt. 070880-2969 leyfi fyrir breytingum á áður samþykktum teikningum einbýlishússins við Dýjagötu 12.

**6. 1807255 - Víkurgata 22 - Umsókn um byggingarleyfi.**

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Anastasíu Alexandersdóttur, kt. 280493-5389 leyfi fyrir breytingum á áður samþykktum teikningum einbýlishússins við Víkurgötu 22.

**7. 1905205 - Bréf Landskerfa bókasafna hf. um aðalfund 2019, dags. 13.05.19.**

Lagt fram.

**8. 1904132 - Erindi Brynju hússjóðs ÖBÍ um stofnframlag, dags. 27.03.19.**

Bæjarráð samþykkir að verða við erindi Brynju hússjóðs Öryrkjabandalags Íslands um greiðslu stofnframlags vegna kaupa á einni fjögurra herbergja íbúð. Áætlað kaupverð er 57,0 mkr. og nemur stofnframlag 12% eða 6,84 mkr. Við greiðslu stofnframlags skal gerður viðauki við fjárhagsáætlun 2019.

9. **1808087 - Framkvæmdir fjölnota íþróttahús í Vetrarmýri - breytingar frá tilboði.**  
Lögð fram fundargerð verktaka og verkkaupa um endurskoðun samningsfjárhæðar vegna neðangreindra breytinga á verkinu, dags. 15.05.2019.

Samningsfjárhæð	4.157.441.579
Lyftuhús	9.508.413
Breyting á þaki	-81.300.000
Fastur botn	102.300.000
Botnplata	32.000.000
Endurgreiðsla. vsk	-83.668.952
Áætlaður lokakostnaður	4.136.281.040

Bæjarráð samþykkir að gerður verði viðauki við samning vegna ofangreindra breytinga.

10. **1804081 - Drög að samningi við Skátafélagið Vífil um byggingu Útilífsmiðstöðvar í Heiðmörk.**  
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja samning við Skátafélagið Vífil um byggingu útilífsmiðstöðvar í Heiðmörk.
11. **1905226 - Bréf Alþingis varðandi frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007 (hækkun lífeyris), 844. mál., dags. 17.05.19.**  
Lagt fram.
12. **1905227 - Bréf Alþingis varðandi tillögu til þingsályktunar um stöðu barna 10 árum eftir hrun, 256. mál., dags. 17.05.19.**  
Lagt fram.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar 21. maí 2019 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)  
Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)  
Sigurður Guðmundsson, (sign)  
Almar Guðmundsson, (sign)  
Ingvar Arnarson, (sign)

**Bæjarráð Garðabæjar**  
**20. (1881). fundur 2019**

Þriðjudaginn 28. maí 2019 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarráðs í Ráðhúsi Garðabæjar við Garðatorg.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir, aðalmaður, Almar Guðmundsson, aðalmaður, Björg Fenger, varamaður, Sara Dögg Svanhildardóttir, varamaður, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur, Eiríkur Björn Björgvinsson, forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs, Hildigunnur Árnadóttir, félagsráðgjafi og Hulda Hauksdóttir, upplýsingastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

**1. 1902239 - Holtsvegur 23-25 - Umsókn um byggingarleyfi.**

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Holtsvegi 23-25 húsfélagi, kt. 651114-0390 leyfi til að útbúa tvær geymslur á jarðhæð þar sem áður var fyllt rými og að gera þaksvalir fyrir íbúð á 5. hæð í fjölbýlishúsinu að Holtsvegi 23-25.

**2. 1905244 - Bréf Alþingis varðandi tillögu til þingsályktunar um hagsmunafulltrúa aldraðra, 825. mál., dags. 17.05.19.**

Lagt fram.

**3. 1905260 - Bréf Alþingis varðandi frumvarp til laga um matvæli (sýklalyfjanotkun), 753. mál, dags. 20.05.19.**

Lagt fram.

**4. 1905243 - Bréf Ríkiskaupa varðandi þáttöku í útboði á raforkukaupum, dags. 21.05.19.**

Bæjarráð samþykkir þáttöku í útboði Ríkiskaupa á raforkukaupum.

**5. 1902102 - Samningur um móttöku, aðstoð og þjónustu við flóttafólk.**

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja samninginn.

**6. 1905317 - Tillaga Garðabæjarlistans um að Stjarnan geri grein fyrir jafnréttisstefnu í stefnu og skipulagi félagsins.**

Bæjarráð samþykkir að vísa tillöggunni til meðferðar við afgreiðslu á endurnýjun samstarfssamnings við Stjörnuna. Bæjarráð tekur fram að í samningum við íþrótt- og tómstundafélög hefur jafnan verið ákvæði þar sem kveðið er á um að taka skuli mið af jafnréttisáætlun Garðabæjar við skipulag á starfsemi viðkomandi félaga.

**7. 1905316 - Tillaga Garðabæjarlistans um ákvæði í samningum við íþróttafélög sem kveða á um að tryggja aðgengi fatlaðra barna og ungmenna að íþróttaiðkun.**

Bæjarráð samþykkir að vísa tillöggunni til meðferðar við afgreiðslu á endurnýjun samstarfssamninga við íþrótt- og tómstundafélög. Bæjarráð tekur fram að í samningu við félögin hefur jafnan verið sérstakt ákvæði þar sem kveðið er á um að mæta skuli þörfum barna og ungmenna með fatlanir í samræmi við stefnu Garðabæjar í málefnum fatlað fólks.

**8. 1905319 - Bréf Vinafélags Pólska skólans, dags. 05.05.19.**

Bæjarráð vísar bréfinu til afgreiðslu bæjarstjóra.

**9. 1905323 - Bréf Guðríðar Jónu Örlygsdóttur varðandi aðstæður við sundkennslu í Mýrinni, dags. 24.05.19.**

Bæjarverkfræðingur upplýsti um að verið er að vinna að lausn málsins með hönnun og endurnýjun á loftrætisamstæðu sundlaugar.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar 28. maí 2019 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)

Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)

Almar Guðmundsson, (sign)

Björg Fenger, (sign)

Sara Dögg Svanhildardóttir, (sign)

**Bæjarráð Garðabæjar**  
**21. (1882). fundur 2019**

Þriðjudaginn 4. júní 2019 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður, Sigurður Guðmundsson, aðalmaður, Almar Guðmundsson, aðalmaður, Björg Fenger, varamaður, Ingvar Arnarson, aðalmaður, Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur og Hulda Hauksdóttir, upplýsingastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

**1. 1905087 - Erindi Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins um starfsáætlun almannavarna, dags. 08.05.19.**

Á fund bæjarráðs mætti Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri og framkvæmdastjóri almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins.

Jón Viðar gerði grein fyrir starfsáætlun almannavarna og rýmingaráætlun fyrir höfuðborgarsvæðið.

Sara Dögg Svanhildardóttir, bæjarfulltrúi, sat fund bæjarráðs undir þessum dagskrálið.

Einnig sátu fundinn undir þessum dagskrálið, Lúðvík Hjalti Jónsson, Inga Þóra Þórisdóttir, Katrín Friðriksdóttir, Guðbjörg Brá Gísladóttir, Sunna Stefánsdóttir og Anna Guðrún Gylfadóttir, fulltrúar í neyðarstjórn Garðabæjar.

**2. BN040084 - Brekkuás 1 - Umsókn um byggingarleyfi.**

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Eddu Björg Einarsdóttur, kt. 221154-4289, leyfi til að nýta rými sem áður var fyllt upp í núverandi einbýlishúsi að Brekkuási 1.

**3. 1812177 - Víkurgata 8 -Umsókn um byggingarleyfi.**

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Parketlausnum ehf., kt. 591214-0200, leyfi fyrir byggingu einbýlishúss að Víkurgötu 8.

**4. 1903060 - Kirkjulundur 1 -Umsókn um byggingarleyfi**

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita eignasjóði Garðabæjar leyfi fyrir viðbyggingu og innri breytingum við leikskólann Kirkjuból.

**5. 1903246 - Smiðsbúð 6 - Umsókn um byggingarleyfi.**

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Smiðsbúð 6 ehf., kt. 640412-1350, leyfi fyrir viðbyggingu við núverandi atvinnuhúsnaði að Smiðsbúð 6.

**6. 1810085 - Erindi íbúa við Unnargrund um samstarf við að reisa girðingu við lóðarmörk, dags. 01.10.18.**

Bæjarráð tekur jákvætt í erindið hvað varðar að heimila eigendum fasteigna við Unnargrund 1, 3, 5, 7 og 9 að reisa vegg á lóðarmörkum við götu sem fari lítillega út fyrir lóðarmörk og myndi horn við gangstéttarbrún. Bæjarráð vísar málinu til afgreiðslu skipulagsstjóra.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, vék af fundi við umræðu og afgreiðslu málsins.

7. **1905347 - Bréf körfuknattleiksdeildar Ungmennafélags Álftaness varðandi stuðning á leiktímabilinu 2019 - 2020, dags. 27.05.19.**

Bæjarráð vísar bréfinu til umfjöllunar aðalstjórnar Ungmennafélagsins Álftaness og íþróttá- og tómstundaráðs. Bæjarráð vísar bréfinu til nánari skoðunar við afgreiðslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2020.

8. **1905355 - Bréf hóps í Félagi eldri borgara í Garðabæ um stuðning vegna þátttöku í Bocciakeppni á Landsmóti UMFÍ 2019, dags. 27.05.19.**

Bæjarráð vísar bréfinu til afgreiðslu íþróttá- og tómstundaráðs.

9. **1904143 - Tilkynning Umhverfisstofnunar um útgáfu starfsleyfis fyrir Sorpu bs. Álfnesi, dags. 29.05.19.**

Lögð fram.

10. **1901022 - Umsagnarbeiðni vegna umsóknar um leyfi fyrir gististað að Blikastíg 18.**

Umsagnarbeiðnin er tekin fyrir að nýju en umsækjandi hefur gert breytingar á umsókn þar sem fram kemur að um er að ræða minni gististað en ekki stærri gististað eins og kom fram í upphaflegri umsókn.

Þá liggur fyrir greinargerð umsækjanda þar sem fram kemur að einungis er um minni gististað að ræða með tveimur gistiherbergjum og er gestafjöldi takmarkaður.

Bæjarráð gerir ekki athugasemd við að umbeðið leyfi verði veitt.

11. **1702124 - Tölvupóstur Höfuðborgarstofu varðandi drög að samantekt og aðgerðaáætlun áfangastaðaráætlunar Höfuðborgarsvæðisins (DMP), dags. 21.05.19.**

Upplýsingastjóri gerði grein fyrir málinu og sagði frá vinnu að gerð draga að samantekt og aðgerðaráætlun áfangastaðaráætlunar höfuðborgarsvæðissins.

Drögin lögð fram án athugasemda.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar 4. júní 2019 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun  
viðstaddra bæjarfulltrúa.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)  
Sigurður Guðmundsson, (sign)  
Almar Guðmundsson, (sign)  
Björg Fenger, (sign)  
Ingvar Arnarson, (sign)

## Fjölskylduráð Garðabæjar 5. fundur 2019

Miðvikudaginn 22. maí 2019 kl. 16:00 kom fjölskylduráð Garðabæjar saman til fundar í ráðhúsi Garðabæjar við Garðatorg.

Fundinn sátu: Almar Guðmundsson formaður, Bjarni Theódór Bjarnason aðalmaður, Sigþrúður Ármann aðalmaður, Bryndís Björk Ásgeirsdóttir aðalmaður, Guðfinna Eyrún Ingjaldsdóttir aðalmaður og Hildigunnur Árnadóttir félagsráðgjafi.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Árnadóttir félagsmálastjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

### 1. 1904077 - Áskorun til sveitarfélaga um að fara eftir ákvæðum reglugerðar um framkvæmd notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar.

Tekið er fyrir mál nr. 1904077, Áskorun NPA miðstöðvarinnar til sveitarfélaga um að fara eftir ákvæðum reglugerðar um framkvæmd notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar. Farið var yfir þær kröfur sem NPA miðstöðin setti fram í erindi sínu og svarbréf Sambands íslenskra sveitarfélaga við bréfi NPA miðstöðvarinnar. Fram komu upplýsingar um yfirstandandi vinnu á fjölskyldusviði Garðabæjar vegna innleiðingar nýrra reglna um NPA á grundvelli laga nr. 38/2018 um þjónustu við fólk með langvarandi stuðningsþarfir og reglugerðar nr. 1250/2018 um NPA.

### 2. 1802205 - Snjallvæðing Garðabæjar

Lagt er fram mál nr. 1802205, snjallvæðing Garðabæjar. Farið yfir minnisblað um málið sem lagt var fram af tækni- og umhverfissviði og upplýsingadeild Garðabæjar um lausnir sem í boði eru í átt að frekari snjallvæðingu sveitarfélagsins. Fjölskylduráð leggur áherslu á að velferðartækni verði nýtt til að efla stuðningsþjónustu á fjölskyldusviði, til dæmis í málefnum fatlaðs fólks og aldraðra, sbr. meðal annars stefnu bæjarins um málefni eldri borgara. Sviðsstjóra fjölskyldusviðs falið að fylgja málinu eftir og leggja fram drög að aðgerðaráætlun þess efnis á fundi fjölskylduráðs í september.

### 3. 1905119 - Skýrslu sérfræðihóps um málefni fatlaðra barna

Lagt er fram mál nr. 1905119, skýrsla sérfræðihóps um málefni fatlaðra barna. Í skýrslunni koma fram fjölmargar ábendingar frá börnumnum sjálfum sem meðal annars lúta að mikilvægi þess að hlusta á raddir fatlaðra barna, að leitað sé eftir sjónarmiðum þeirra og reynslu í tengslum við ákváðanir sem þau varða, aðgengi, ferðaþjónustu, upplýsingagjöf, tómstundastarf, fordóma og virðingu í samskiptum svo fátt eitt sé nefnt. Fjölskylduráð telur að þessar ábendingar séu mikilvægur leiðarvísir fyrir alla þá sem koma að starfi eða ákváðanatökum í málefnum fatlaðra barna. Efni skýrslurnnar verður rætt áfram m.a. á fundi samráðshóps um málefni fatlaðs fólks.

### 4. 1904076 - Umsókn um fjárhagsaðstoð

Tekið er fyrir mál nr. 1904076, umsókn um fjárhagsaðstoð. Fjölskylduráð fjallar um málið. Nánar er bókað um málið í trúnaðarmálahluta fundargerðar.

### 5. 1801090 - NPA (notendastýrð persónul. aðstoð) 2018

Málskot til fjölskylduráðs Garðabæjar vegna ákvörðunar afgreiðslufundar um úthlutaðar NPA vinnustundir. Sólveig Steinsson kom inn á fundinn undir þessum lið.

Nánar er bókað um málið í trúnaðarhluta fundargerðar.

**6. 1810028 - Tillaga um eflingu lýðræðislegra vinnubragða í tenglsum við afgreiðslu á fjárhagsáætlun 2019.**

Fjallað um stöðu lýðræðisverkefnisins "Betri Garðabær" en kosning er að hefjast. Þá var farið yfir endurskoðun lýðræðisstefnu bæjarins en undirbúningsnefnd um verkefnið mun hefja störf á næstu vikum. Frekari upplýsingar um framkvæmd verkefnisins munu koma fyrir fjölskylduráð á næstu mánuðum.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

**Leikskólanefnd Garðabæjar**  
**8. fundur 2019**

Fimmtudaginn 16. maí 2019 kl. 17:00 kom leikskólanefnd Garðabæjar saman til fundar í leikskólanum Krakkakoti.

Fundinn sátu: Kristjana F Sigursteinsdóttir aðalmaður, María Guðjónsdóttir aðalmaður, Torfi Geir Símonarson aðalmaður, Guðlaugur Kristmundsson aðalmaður, Snævar Sigurðsson varamaður, Halldóra Pétursdóttir verkefnastjóri, Eiríkur Björn Björgvinsson forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs, Anna Kristborg Svanlaugsdóttir fulltrúi starfsmanna, Eydís Sigurðardóttir fulltrúi foreldra, Sigurborg K Kristjánsdóttir varafulltrúi leikskólastjóra og Kristín Margrét Guðmundsdóttir varafulltrúi dagforeldra.

Fundargerð ritaði: Halldóra Pétursdóttir verkefnastjóri skóladeildar.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

**1. 1802205 - Snjallvæðing Garðabæjar**

Lagt fram til umfjöllunar.

**2. 1905130 - Leikskólinn Hnoðraholt- Húsnæðismál**

Upplýst var um stöðu húnæðismála í Hnoðraholti. Settar verða upp nýjar byggingar í summar í stað þess húsnæðis sem fyrir var, innritun í Hnoðraholt verður því óbreytt í haust.

**3. 1905131 - Staða innritunar í leikskóla**

Upplýst var um innritun í leikskóla fyrir skólaárið 2019 til 2020.

**4. 1905132 - Breyting á áheyrnarfulltrúum**

Tilkynntar voru breytingar á áheyrnarfulltrúum næsta skólaár en seta þeirra í leikskólanefnd er eitt ár í senn.

**5. 1905215 - Bólusetningar leikskólabarna**

Leikskólanefnd óskar eftir því við bæjarstjórn að kannað verði hvort sveitarféluginu sé heimilt að setja almennar bólusetningar sem skilyrði fyrir leikskóladvöl og/eða starfi á leikskólum Garðabæjar.

Telur leikskólanefnd þetta sérstaklega mikilvægt í ljósi þess hve ungum börnum er veitt leikaskóladvöl hjá bænum og að mislingasmit hefur þegar komið upp á leikskóla í bænum.

**6. 1905216 - Kynning á starfsemi Krakkakots og Holtakots**

Kynnt var starfsemi leikskólanna Krakkakots og Holtakots.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

## **Menningar- og safnanefnd Garðabæjar**

### **12. fundur 2019**

Föstudaginn 17. maí 2019 kl. 08:15 kom menningar- og safnanefnd Garðabæjar saman til fundar í Hönnunarsafni við Garðatorg.

Fundinn sátu: Gunnar Valur Gíslason aðalmaður, Hrannar Bragi Eyjólfsson aðalmaður, Bjarndís Lárusdóttir aðalmaður, Þorbjörg Þorvaldsdóttir aðalmaður, Hannes Ingi Geirsson aðalmaður, Hulda Hauksdóttir upplýsingastjóri og Eiríkur Björn Björgvinsson forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs.

Fundargerð ritaði: Hulda Hauksdóttir upplýsingastjóri.

Sameiginlegur fundur stjórnar Hönnunarsafns Íslands og menningar- og safnanefndar, fundarliðir 1-4 í dagskránni eru sameiginlegir.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

#### **1. 1905185 - Ný stefnumótun Hönnunarsafnsins og aðgerðaráætlun**

Sigríður Sigurjónsdóttir, forstöðumaður Hönnunarsafns Íslands, fór yfir nýja stefnumótun og aðgerðaráætlun safnsins. Einnig var gengið um sýningar safnsins og sagt frá því sem er á döfinni hjá safninu.

Umræður voru um starfsemi safnsins.

#### **2. 1802204 - Menningar- og fræðamiðstöð í Garðabæ**

Gunnar Valur Gíslason, formaður menningar- og safnanefndar, fór yfir skýrslu starfshóps um fjölnota menningar- og fræðasetur frá vorinu 2018. Starfshópnum sem var skipaður af bæjarráði var falið að kanna grundvöll fyrir byggingu og starfsemi fjölnota menningar- og fræðamiðstöðvar í Garðabæ. Farið var yfir helstu þætti skyrslunnar sem var lögð fyrir bæjarráð í maí 2018. Upplýsingar um vinnu starfshópssins og skyrslan sjálf er aðgengileg á vef Garðabæjar.

Umræður voru um markmiðasetningu og næstu mögulegu skref í framhaldinu

#### **3. 1503219 - Endurskoðun samstarfsamnings um rekstur Hönnunarsafns Íslands.**

Eiríkur Björn Björgvinsson, forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs, greindi frá fundi með Karítas H. Gunnarsdóttur skrifstofustjóra og Baldri Þór Guðmundssyni sérfræðingi á skrifstofu menningarmála hjá mennta- og menningarmálaráðuneytinu 7. mars sl. Fundurinn var haldinn í framhaldi af heimsókn mennta- og menningarmálaráðherra í Hönnunarsafnið í byrjun þessa árs. Á fundinum var m.a. farið yfir drög að samstarfssamningi frá árinu 2016 sem byggði m.a. á samningi aðila frá 2006. Eiríkur greindi frá umræðum um mögulegar útfærslur á nýjum samningi eða samningum.

Umræður voru um útfærslur á nýjum samningi.

#### **4. 1905185 - Möguleikar á Garðatorgi**

Umræður voru um menningarstarfsemi á Garðatorgi og möguleika sem eru til staðar í miðbænum. Rætt var um hvernig hægt væri að gera eitthvað til að vekja áhuga á hönnun með sérstökum viðburðum tengdum hönnun í samstarfi nefndanna.

Greint var frá hugmyndum um sameiginlegt menningar- og viðburðadagatal Hönnunarsafnsins og Bókasafnsins þar sem einnig er fjallað um fasta menningarviðburði á vegum menningar- og safnanefndar.

#### **5. 1904167 - Leiklistarstarfsemi á Garðatorgi**

Áframhaldandi umræður um leiklistarstarfsemi á Garðatorgi frá fundi nefndarinnar í apríl. Erindi Trausta Ólafssonar, dags. 14. apríl 2019, um áframhaldandi afnot af sal á Garðatorgi til að starfrækja leiklistarstarfsemi var lagt fram.

Menningar- og safnanefnd tekur jákvætt í erindið og felur upplýsingastjóra að skoða nánar um áframhaldandi samning um afnot af salnum frá ágúst 2019 til maí 2020.

#### **6. 1711209 - Hofsstaðir - minjagarður - hugmyndahönnun**

Greint var frá hugmyndavinnu sem farin er af stað hjá Gagarín í tengslum við minjagarðinn á Hofsstöðum. Stefnt er að fundi í byrjun júní þar sem fulltrúar Gagarín mæta á fund menningar- og safnanefndar og fara yfir stöðu verkefnisins.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

**Menningar- og safnanefnd Garðabæjar  
13. fundur 2019**

Mánudaginn 3. júní 2019 kl. 16:00 kom menningar- og safnanefnd Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu.

Fundinn sátu: Gunnar Valur Gíslason aðalmaður, Hrannar Bragi Eyjólfsson aðalmaður, Bjarndís Lárusdóttir aðalmaður, Þorbjörg Þorvaldsdóttir aðalmaður, Hannes Ingi Geirsson aðalmaður, Gunnar Einarsson bæjarstjóri, Hulda Hauksdóttir upplýsingastjóri og Eiríkur Björn Björgvinsson forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs.

Fundargerð ritaði: Hulda Hauksdóttir upplýsingastjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

**1. 1711209 - Hofsstaðir - minjagarður - hugmyndahönnun**

Fyrirtækið Gagarín er nú að vinna að tillögu að 1. áfanga eða svokölluðum hönnunarfasa í tengslum við minjagarðinn á Hofsstöðum. Þar verður gert grein fyrir markmiðum verkefnisins, möguleg frásagnarleið fyrir gesti garðsins samin og mögulegri heildarupplifun þeirra lýst. Gagarín tekur um leið að sér frumhönnun sýningarátriða í samvinnu við verkkaupa og sérfræðinga með greinargóðum lýsingum og skissum ásamt því að útbúa tíma og kostnaðaráætlun fyrir framleiðslu þeirra.

Hringur Hafsteinsson og Lemke Meijer frá Gagarín mættu á fund nefndarinnar og kynntu stöðu málá varðandi hugmyndavinnu í tengslum við minjagarðinn á Hofsstöðum.

Umræður voru um stöðu hugmyndavinnunnar. Nefndarmenn beðnir um að fara yfir drögin sem lögð voru fram og senda inn ábendingar ef einhverjar eru.  
Áætlað er að niðurstöður með tillögum að hugmyndahönnun og mögulega áfangaskiptingu verði tilbúnar fljótlega.

Fleira ekki gert.  
Undirritun á næstu síðu.

## **Skólanefnd grunnskóla Garðabæjar**

**10. fundur 2019**

Miðvikudaginn 15. maí 2019 kl. 08:15 kom skólanefnd grunnskóla Garðabæjar saman til fundar í Flataskóla.

Fundinn sátu: Sigríður Hulda Jónsdóttir aðalmaður, Jóhann Steinar Ingimundarson aðalmaður, Lilja Hrund Ava Lúðvíksdóttir aðalmaður, Sturla D Þorsteinsson aðalmaður, Sara Dögg Svanhildardóttir aðalmaður, Katrín Friðriksdóttir deildarstjóri skóladeilda, Eiríkur Björn Björgvinsson forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs, Edda Björg Sigurðardóttir fulltrúi skólastjóra og Hilmar Þór Sigurjónsson fulltrúi kennara.

Fundargerð ritaði: Katrín Friðriksdóttir deildarstjóri skóladeilda.

Í upphafi fundar óskaði formaður skólanefndar grunnskóla, Sigríður Hulda Jónsdóttir, eftir að bæta einum lið við dagskrá fundarins er varðar beiðni Garðaskóla um tilfærslu á skipulagsdegi. Var sú beiðni samþykkt samhljóða og málið 6 liður á dagská fundarins.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

**1. 1802205 - Snjallvæðing Garðabæjar**

Skólanefnd fagnar áhugaverðu verkefni og leggur áherslu á sterka tengingu við skólasamfélagið.

**2. 1905138 - Aðgerðir stjórvalda í menntamálum-útfærsla starfsnámsárs og námsstyrkir**

Lagt fram til kynningar og umræðu.

**3. 1905139 - Frumvarp til lag um menntun, hæfni og ráðningu kennara og stjórnenda**

Lagt fram til kynningar og umræðu

**4. 1904097 - Ósk um breytingu á tímasetningum er varða skólabyrjun**

Rætt um spurningar til foreldra á unglingsstigi varðandi upphaf skóladags og möguleika á að spyrja einnig nemendur.

**5. 1904326 - Skólasókn - reglur**

Skólanefnd fagnar þessum tillögum og styður þá hugmynd stjórnenda að samræma verkferla er varða skólasókn í grunnskólum Garðabæjar.

**6. 1905241 - Beiðni Garðaskóla um tilfrærslu á skipulagsdögum að sumri í skóladagatali 2019-2020**

Skólanefnd samþykkir beiðni um tilfærslu á starfsdögum að sumri enda kemur sú breyting ekki til með að hafa nein áhrif á það sem snýr að nemendum skólans.

**7. 1904096 - Kynning og samtal við stjórnendur**

Skólanefnd þakkar áhugaverða kynningu og fagnar því að fá að kynna sér skólastarfið með þessum hætti.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

**Skólanefnd tónlistarskóla Garðabæjar**  
**4. fundur 2019**

Fimmtudaginn 16. maí 2019 kl. 08:00 kom skólanefnd tónlistarskóla Garðabæjar saman til fundar í Tónlistarskóla Garðabæjar, Kirkjulundi.

Fundinn sátu: Eiríkur Þorbjörnsson aðalmaður, Einar Örn Magnússon aðalmaður, Sigrún Gísladóttir aðalmaður, Sólveig Guðrún Geirdóttir aðalmaður, Sveinbjörg Vilhjálmsdóttir aðalmaður og Laufey Ólafsdóttir skólastjóri.

Fundargerð ritaði: Laufey Ólafsdóttir skólastjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

**1. 1805154 - Skólastarf sl. starfsárs (2018-2019)**

Skólastjóri fór yfir skólastarfið síðasta starfsárs. Starfið hefur gengið vel, nemendur skólans hafa komið fram á fjölmörgum tónleikum, um 50 áfangapróf hafa verið tekin þ.a. þrjú framhaldspróf. Nemendur hafa heimsótt stofnanir, tekið þátt í verkefnum s.s, jasshátíð Garðabæjar, Stórsveitardeginum í Hörpu, Ungsveit Sinfóniuhljómsveitar Íslands, EPTA píanókeppninni, Nótunni, Þá tekur elsta blásarasveit skólans þátt í blásarahátíð á Spáni í júní nk. Þann 15. maí sl. bauð skólinn 5 og 6 ára nemendum í Garðabæ á tónleika í sal skólans & Maxímus trítlar í tónlistarskóla. Á tónleikunum flutti sögumaður söguna af Maxímus ásamt því sem myndum var varpað upp og sáu nemendur og kennara um tónlistarflutning. Um 340 nemendur heimsóttu skólann af þessu tilefni.

**2. 1805154 - Skólastarf 2019-2020, kynning.**

Skólastjóri lagði fram skóladagatal komandi skólaárs og fór yfir helstu atriði þess.

**3. 1805154 - Skólagjöld 2019-2020**

Formaður skólanefndar kynnti tillögu að skólagjöldum fyrir næsta starfsár.

**4. 1805154 - Fundaráætlun fram að áramótum.**

Formaður lagði til að fundir nefndarinnar fram að næstu áramótum yrði sem hér segir:

20. september kl. 08:00. Fundarefni m.a. skólastarfið og fjárhagsáætlun

21. nóvember kl. 08:00. Fundarefni m.a. fjárhagsáætlun og kannanir

Leiðréttинг eftir fund:

Tillögurnar um fundartíma áttu að vera fimmtudagana 19. september og 14. nóvember.

**5. 1802205 - Snjallvæðing Garðabæjar**

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

## Umhverfisnefnd Garðabæjar

12. fundur 2019

Miðvikudaginn 15. maí 2019 kl. 08:00 kom umhverfisnefnd Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu.

Fundinn sátu: Jóna Sæmundsdóttir aðalmaður, Guðfinnur Sigurvinsson aðalmaður, Hrönn K. Sch. Hallgrímsdóttir aðalmaður, Páll Magnús Pálsson aðalmaður, Gunnar Hólmsteinn Ársælsson varamaður, Linda Björk Jóhannsdóttir garðyrkjufræðingur og Guðbjörg Brá Gísladóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðbjörg Brá Gísladóttir verkefnastjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

### 1. 1905134 - Rafhjól til láns

Kristinn Jón Eysteinsson kynnti tilraunaverkefni Reykjavíkurborgar með rafreiðhjól í láni. Verkefnið er áhugavert og umhverfisnefnd felur umhverfis- og tæknisviði að skoða nánari útfærslu fyrir Garðabæ og kostnað.

### 2. 1810055 - Tillaga um að draga úr plastmengun í rekstri Garðabæjar og stofnana á vegum bæjarins.

Karl Eðvaldsson og Guðrún Fjóla Guðmundsdóttir frá ReSource international kynntu stöðu verkefnisins og drög að lokaskýrslu.

### 3. 1710244 - Gálgahraun, deiliskipulag friðlands.

Dagný Bjarnadóttir skipulagshönnuður og Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri kynntu tillögur að deiliskipulagi friðlandisins Gálgahrauns og Garðahrauns neðra. Tillögu hefur verið vísað af skipulagsnefnd til úrvinnslu hjá deiliskipulagsráðgjafa og tækní- og umhverfissvið. Umhverfisnefnd leggur áherslu á að við vinnu að nánari úrvinnslu á tillögu, ábendingum og umsögnum hjá deiliskipulagsráðgjafa og umhverfis- og tæknisviði verði rask á hrauni ekki meira en nauðsynlegt er og stígagerð verði stillt í hóf. Umhverfisnefnd óskar eftir að fá kynningu að lokinni úrvinnslu.

### 4. 1812022 - Garðahraun efra-Fólkvangur, deiliskipulag

Dagný Bjarnadóttir skipulagshönnuður og Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri kynntu tillögur að deiliskipulagi fólkvangsins Garðahrauns efra. Umhverfisnefnd leggur til við bæjarráð að fólkvangurinn verði stækkaður út fyrir hraunjaðarinn í Bæjargarði og að friðlysingarteyminu verði falið að útfæra það nánar í samstarfi við Umhverfisstofnun.

Umhverfisnefnd styður tillögur skipulagsnefndar að breytingum frá fundi skipulagsnefndar 10.05.2019 en í fundargerð Skipulagsnefndar segir:

Skipulagsnefnd leggur til eftirfarandi breytingar á forkynntri tillögu:

-Aðalstígur sem sýndur er hjá Hádegishóli breytist í stikaða leið.

-Tenging við Molduhraun á móts við Vesturhraun 5 sem aðalstígur verði felld út.

-Malarstígur á uppdrætti breytast allir í stikaða leið.

-Sett verði ákvæði um það í skilmálum að heimilt sé að gera lítilsháttar breytingar á stikuðum leiðum sem auðvelda fólk aðgengi, svo sem með því að fjarlægja steina eða leggja hraunhellur sem upp-og niðurstig á stöku stað.

-Heimilt verði að útfæra stikaða leið á stöku stað sem malarlóða ef sýnt er fram á að umferð

gangandi fólks sé að valda skemmdum á náttúrulegum gróðri.

**5. 1802205 - Snjallvæðing Garðabæjar**

Umhverfisnefnd styður það að skipaður verði starfshópur um snjallvæðingu Garðabæjar.

**6. 1804300 - Álftanes sjóvarnir**

Umhverfisnefnd samþykkir áform um sjóvörn við Bessastaði á Álftanesi.

**7. 1903383 - Plastlaus september 2019**

Mál þegar tekið fyrir og samþykkt að styrkja Plastlausan september með sama hætti og undanfarin ár.

**8. 1904318 - Hreinsum Ísland**

Garðabær styrkir nú þegar íbúasamtök og félagasamtök í gegnum hreinsunarátaskum sem haldið hefur verið undanfarin ár og þar er öllum Garðbæingum heimilt að sækja um styrk og fá úthlutað svæðum til hreinsunar.

**9. 1811108 - Fundargerðir 2018 - 2022 - Reykjanesfólkvangur**

Fundagerð stjórnar Reykjanesfólkvangs frá 27. mars 2019 lögð fram.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

**Samráðshópur um málefni fatlaðs fólks**  
**2. fundur 2019**

Þriðjudaginn 21. maí 2019 kl. 09:00 kom samráðshópur um málefni fatlaðs fólks saman til fundar í turnherbergi 3. hæð á bæjarskrifstofunum við Garðatorg.

Fundinn sátu: Hildigunnur Árnadóttir félagsráðgjafi , Bjarni Theódór Bjarnason aðalmaður, Sara Dögg Svanhildardóttir aðalmaður, Bergþóra Bergsdóttir aðalmaður, Elín Hoe Hinrikssdóttir aðalmaður, Þorkell Jóhannsson aðalmaður og Sólveig Steinsson Þroskaþjálfi.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Árnadóttir félagsmálastjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

**1. 1904077 - Áskorun til sveitarfélaga um að fara eftir ákvæðum reglugerðar um framkvæmd notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar.**

Lagt er fyrir mál nr. 1904077, áskorun til sveitarfélaga um að fara eftir ákvæðum reglugerðar um framkvæmd notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar. Farið yfir þau atriði sem gerðar voru athugasemdir við í erindi NPA miðstöðvarinnar og viðbrögð Sambands íslenskra sveitarfélaga við erindinu. Upplýst var um yfirstandandi vinnu á fjölskyldusviði Garðabæjar vegna gerð nýrra reglna um NPA á grundvelli laga nr. 38/2018 um þjónustu við fólk með langvarandi stuðningsþarfir og reglugerðar nr. 1250/2018 um notendastýrða persónulega aðstoð.

**2. 1905119 - Skýrslu sérfræðihóps um málefni fatlaðra barna**

Mál lagt fram nr. 1905119, skýrsla sérfræðihóps um málefni fatlaðra barna. Farið yfir efni skýrslunnar og þær fjölmörgu ábendingar sem koma frá börnum og byggja á þeirra reynslu m.a. mikilvægi þess að leitað sé eftir sjónarmiðum þeirra og reynslu í tengslum við ákvarðanir sem þau varða, aðgengi, ferðaþjónustu, upplýsingagjöf, tómstundastarf, fordóma og virðingu í samskiptum svo fátt eitt sé nefnt. Rætt var um stuðning við fötluð börn á sumarnámskeið í Garðabæ, rætt um mikilvægi þess að fötluð börn hafi tryggt aðgengi að aðila innan skóla sem gæti hagsmuna þeirra, rætt um mikilvægi þess að íþróttá- og tómstundafélogin mæti þrófum barna til íþróttaiðkunar og virkni. Fjölskyldusvið Garðabæjar mun kynna ábendingarnar fyrir starfsmönnum og fylgja því eftir að tekið verði tillit til þeirra í öllu er varðar málefni fatlaðra barna.

**3. 1812089 - Samráðshópur um málefni fatlaðs fólks**

Mál lagt fram nr. 1812089, minnisblað um ferðaþjónustu fatlaðra. Farið yfir minnisblaðið og þau áhersluatriði sem þar komu fram. Greint er frá því að margt hafi breyst til hins betra en ennþá mikilvæg atriði sem ekki hafa verið lagfærð þrátt fyrir ábendingar. M.a. er mikilvægt að huga sérstaklega að öryggi viðkvæmra hópa sem eru að nýta þjónustuna, að í einhverjum tilfellum sé tryggt að sömu bílstjórnir sinni ákveðnum ferðum, tryggja að forsjáraðilar geti haft beint samband við bílstjóra ef eitthvað kemur upp á og eins að bílstjóri geti haft samband við forsjáraðila. Mjög mikilvægt að tryggja að gengið verði frá samningum sem fyrst.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

**Stjórn Hönnunarsafns Íslands**  
**01. fundur 2019**

Mánudaginn 11. mars 2019 kl. 12:00 kom stjórn Hönnunarsafns Íslands saman til fundar Hönnunarsafn Íslands.

Fundinn sátu: Stella Stefánsdóttir formaður, Kristín B Björgvinssdóttir aðalmaður, Guðlaugur Kristmundsson aðalmaður, Sigríður Sigurjónsdóttir forstöðumaður, Þóra Sigurbjörnsdóttir og Eiríkur Björn Björgvinsson forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs.

Fundargerð ritaði: Sigríður Sigurjónsdóttir forstöðumaður.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

**1. 1808002HO - Rekstur 2018**

Farið yfir rekstrareikning 2018 og frávik rædd.

**2. 1903001HO - Aðsóknartölur 2019**

Aðsókn í janúar og febrúar voru 1122 gestir. Á sama tíma í fyrra voru þetta 805 gestir.

**3. 1810001HO - Stefnumótun stjórnar Hönnunarsafns Íslands 2019 - 2023**

Farið yfir stefnumótun safnsins og forgangsraðað.

**4. 1903002HO - Borgarlandslag**

Sýning á borgarkortum eftir Paolo Gianfrancesco ásamt viðburðardagskrá sem tengist sýningunni kynnt.

**5. 1903003HO - Húsnæðismál Hönnunarsafns Íslands**

Geymslur safnsins eru orðnar fullar. Möguleikar ræddir um pláss fyrir fasta sýningu og fjölnota rými.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

# HEILBRIGÐISNEFND HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS

## 246. fundur 27. maí 2019

### Fundargerð

Fundur var haldinn í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, mánudaginn 27. maí 2019. Fundarstaður, skrifstofa heilbrigðiseftirlitsins að Garðatorgi 5, Garðabæ. Fundurinn hófst kl. 16.30. Mættir voru undirritaðir nefndarmenn auk starfsmanna, Páls Stefánssonar og Harðar Þorsteinssonar, sem ritaði fundargerð.

### 1. Skipulagsmál

#### 1.1 Umsögn um skipulagslýsingu á endurskoðun/breyting á aðalskipulagi á Traðarreit austur.

Lagt fram erindi Bergljótu S. Einarsdóttur fyrir hönd skiplagsstjóra Kópavogs dagsett 15. maí 2019 sl. þar sem óskað var umsagnar um skipulagslýsingu fyrir endurskoðun/breytingu á aðalskipplagi og deiliskipulagi fyrir Traðarreit austur.

Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemdir.

#### 1.2. Umsögn um verkefnalýsingu deiliskipulags vegna nýbyggingar við Kársnesskóla.

Lagt fram erindi frá Birgi Hlyní Sigurðssyni skiplagsstjóra Kópavogs, þar sem óskað er umsagnar um verkefnalýsingu deiliskipulags Kársnesskóla við Skólagerði 8.

Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemdir, en óskar eftir að fá lokateikningar til skoðunar áður en framkvæmdir hefjast.

#### 1.3. Svör framkvæmdaaðila við umsögn HHK vegna Tinnhellu 8.

Lagt fram til kynningar svar framkvæmdaraðila við umsögn Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar og Kópavogs til Skipulagsstofnunnar.

Heilbrigðisnefnd ítrekar fyrri afstöðu sína um að fyrirhugaðar framkvæmdir og starfsemi á Tinnhellu 8 í móttöku og vinnslu brotamálms, fari í mat á umhverfisáhrifum. Þannig verði best tryggt hvaða áhrif starfsemin hefur á umhverfið og hægt verði að bregðast við fyrirsjáanlegum neikvæðum afleiðingum með mótvægisáðgerðum og við hönnun framkvæmda.

### 2 Starfsleyfi

#### Garðabær

##### 2.1 Lyngás 11, Garðabær – framleiðsla á hreinlætisvörum

Lögð fram umsókn Brynjólfs Grétarssonar, f.h. Sámur Sápugerð ehf., kt. 430902-2610, dags. 06.05.2019, þar sem sótt er um leyfi til rekstur hreinlætisvöruverksmiðju að Lyngási 11, Garðabæ. Um er að ræða endurnýjun starfsleyfis.

Fyrir liggur eftirlitsskýrsla dags. 06.05.2019.

Með vísun til ákvæða reglugerðar um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit nr. 550/2018 er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

## *2.2 Urriðavatnsdalir, Garðabær – veitingahús*

Lögð fram umsókn Viktors Ö. Andréssonar, f.h. LUX veitingar ehf., kt. 521218-1260, dags. 29.04.2019, þar sem sótt er um leyfi til reksturs veitingahúss/veitingaverslunar og veislubjónustu að Urriðavatnsdölum, Garðabæ.

Um er að ræða nýjan rekstraraðili.

Fyrir liggur eftirlitsskýrsla dags. 21.05.2019.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykkta notkun fasteignar.

Hafnarfjörður

## *2.3 Bæjarhraun 6, Hafnarfjörður – hárgreiðslustofa*

Lögð fram umsókn Vilma Skuciene, kt. 160276-2909, dags. 02.05.2019, þar sem sótt er um leyfi til reksturs hárgreiðslustofu að Bæjarhrauni 6, Hafnarfirði, húshluti.: 2234652.

Um er að ræða nýja starfsemi.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 07.05.2019 og barst jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 10.05.2019.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

## *2.4 Fjarðargata 13-15, Hafnarfjörður – veitingastaður*

Lögð fram umsókn Guðmundar Bjarna Harðarsonar, f.h. RIF restaurant ehf., kt. 610119-2040, dags. 23.05.2019, þar sem sótt er um leyfi til reksturs veitingastaðar að Fjarðargötu 13-15, Hafnarfirði. Um er að ræða eigendaskipti.

Fyrir liggur eftirlitsskýrsla dags. 27.05.2019.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um samþykkta notkun fasteignar.

## *2.5 Flensborgarhöfn, Hafnarfjörður – olíuafgreiðsla*

Lögð fram umsókn Arnar Franzsonar, f.h. Oliuverslunar Íslands hf., kt. 500269-3249, dags. 14.05.2019, þar sem sótt er um leyfi til afgreiðslu á olíu af bryggju frá Flensborgarhöfn, Hafnarfirði. Um er að ræða nýja starfsemi.


Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

## *2.6 Gjótuhraun 6, Hafnarfjörður – gistiheimili*

Lögð fram umsókn Katrínar H. Arnardóttur, f.h. Borgarklettur ehf., kt. 531016-0920, dags. 03.05.2019 þar sem sótt er um leyfi til reksturs gistiheimilis að Gjótuhrauni 6, Hafnarfirði. Húshluti: 0104.

Um er að ræða nýja starfsemi.

Bréf sent byggingafulltrúa varðandi samþykkta notkun fasteignar dags. 06.05.2019. Neikvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 06.05.2019. Umsækjanda upplýst um svar byggingafulltrúa.



Þar sem ekki liggur fyrir að húsnæði, hafi hlotið staðfestingu leyfisveitanda byggingarleyfis á því að starfsemin sé í samræmi við samþykkta notkun húsnæðisins er málinu frestað.

#### 2.7 Hörðuvellir 1, Hafnarfjörður – félagsaðstaða

Lögð fram umsókn Hrannar Hilmarsdóttur, f.h. Lækur Athvarf / Hafnarfjarðarbæjar, kt. 590169-7579, dags. 15.05.2019 þar sem sótt er um leyfi til reksturs félagsaðstöðu með eldhúsi fyrir einstaklinga með geðrænan vanda að Hörðuvöllum 1, Hafnarfirði. Húshluti: 207-6495.

Nýr rekstur og nýr rekstraraðili.

Fyrir liggur eftirlitsskýrsla dags. 27.05.2019.

Bréf sent byggingafulltrúa varðandi samþykkta notkun fasteignar dags. 21.05.2019. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 22.05.2019.

Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

#### 2.8 Miðhella 4, Hafnarfjörður – bifreiðaverkstæði

Lögð fram umsókn Dainius Simkus, f.h. Réttir bílar ehf., kt. 670910-0400, dags. 09.05.2019, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bílasprautu- og réttingaverkstæði að Miðhellu 4, Hafnarfirði. Húshluti.: 01 0101.

Um er að ræða nýja starfsemi.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 09.05.2019 og barst jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 10.05.2019.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

#### 2.9 Norðurbakki 25d, Hafnarfjörður – dreifing matvæla

Lögð fram umsókn Heiðrúnar Jónsdóttur, f.h. Túkall – Bókhaldspjónusta ehf., kt. 500918-2330, dags. 23.05.2019, þar sem sótt er um leyfi til reksturs matarbíls, lögheimili starfseminnar er að Norðurbakka 25d, Hafnarfirði.

Um er að ræða nýja starfsemi.

Fyrir liggur eftirlitsskýrsla dags. 24.05.2019.

Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

#### 2.10 Rauðhella 5, Hafnarfjörður – trúsmíðaverkstæði


Lögð fram umsókn Heiðars Ólafssonar, f.h. IK innréttigar ehf., kt. 710707-0810, dags. 21.05.2019, þar sem sótt er um leyfi til reksturs trúsmíðaverkstæðis að Rauðhellu 5, Hafnarfirði, húshluti.: 01 0104.

Um er að ræða nýja starfsemi.

Fyrir liggur eftirlitsskýrsla dags. 21.05.2019.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 21.05.2019. Svar barst frá byggingafulltrúa 24.05.2019. Umræddur rekstur er ekki í samræmi við samþykkta notkun fasteignar, fasteignin er skráð fokheld í fasteignaskrá og ekki hefur farið fram lokaúttekt á fasteigninni.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um samþykktu notkun fasteignar.



## *2.11 Reykjavíkurvegur 72, Hafnarfjörður – ísbúð*

Lögð fram umsókn Erlings Proppé, f.h. Böbblís ehf., kt. 440419-0890, dags. 08.05.2019, þar sem sótt er um leyfi til reksturs ísbúðar að Reykjavíkurvegi 72, Hafnarfirði.

Um er að ræða nýja starfsemi.

Fyrir liggur eftirlitsskýrsla dags. 17.05.2019.

Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

## *2.12 Steinhella 3, Hafnarfjörður – trúsmíðaverkstæði*

Lögð fram umsókn Stawomir Gryta, f.h. Húsgagnavinnustofan ehf., kt. 420216-1300, dags. 08.05.2019, þar sem sótt er um leyfi til reksturs trúsmíðaverkstæðis að Steinhella 3, Hafnarfirði.

Fastanúmer: 229-4545, húshlutti: 0106

Um er að ræða nýja starfsemi.

Fyrir liggur eftirlitsskýrsla dags. 16.05.2019.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 21.05.2019. Svar barst frá byggingafulltrúa 22.05.2019.

Umræddur rekstur er ekki í samræmi við samþykkta notkun fasteignar, fasteignin er skráð fokheld í fasteignaskrá og ekki hefur farið fram lokaúttekt á fasteigninni.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til allt að 12 ára með fyrirvara um samþykkta notkun fasteignar.

## Kópavogur

### *2.13 Auðbrekka 25-27, Kópavogur – bónstöð*

Lögð fram umsókn Árna Khanh, f.h. KK Bónstöð slf., kt. 590219-2150, dags. 27.05.2019, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bónstöðvar að Auðbrekku 25-27, Kópavogi, fastanr: 205-8744.

Um er að ræða nýja starfsemi.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 27.05.2019.

Þar sem ekki liggur fyrir eftirlitsskýrsla eða samþykki byggingafulltrúa, er málínu frestað.

### *2.14. Baugakór 25, Kópavogur – leikskóli*

Lögð fram umsókn Guðmundar Péturssonar f.h. Skólar ehf., kt. 630800-2930, dags. 13.05.2019, þar sem sótt er um leyfi til reksturs leikskóla að Baugakór 25, Kópavogi.

Fastanúmer: 2284407. Um er að ræða endurnýjun.

Fyrir liggur eftirlitsskýrsla dags. 24.05.2019.


Með vísun til ákvæða hollustuháttu- og matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

### *2.15 Baugakór 38, Kópavogur – grunnskóli*

Lögð fram umsókn Ágústs Jakobssonar f.h. Kópavogsþærar., kt. 700169-3759, dags. 09.05.2019, þar sem sótt er um leyfi til reksturs grunnskóla (Hörðuvallaskóla) að Baugakór 38, Kópavogi, fastanúmer: 2290483. Um er að ræða endurnýjun.

Fyrir liggur eftirlitsskýrsla dags. 24.05.2019.

Með vísun til ákvæða hollustuháttu- og matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.



## *2.16 Borgarholtsbraut 21, Kópavogur – niðurrif*

Lögð fram umsókn Kristófers Kristóferssonar, kt. 170162-3079, dags. 09.05.2019, sótt er um leyfi til niðurriðs bílskúrs að Borgarholtsbraut 21, Kópavogi. Tímabundin starfsemi.

Með vísun til X. viðauka reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit er leyfi til niðurriðs heimiluð til 01.05.2020 að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

## *2.17 Bæjarlind 14-16, Kópavogur – veitingahús*

Lögð fram umsókn Sonya Lampha, f.h. Thailenska eldhúsið ehf., kt. 600701-2150, dags. 14.05.2019, þar sem sótt er um leyfi til reksturs veitingahúss, Krua Thai, að Bæjarlind 14-16, Kópavogi.

Um er að ræða endurnýjun starfsleyfis.

Fyrir liggur eftirlitsskýrsla dags. 24.05.2019.

Með vísun til ákvæða og matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

## *2.18 Kópavogsbraut 75, Kópavogur – niðurrif*

Lögð fram umsókn Þorsteins Auðuns Péturssonar, f.h. Work North ehf., kt. 521184-0869, dags. 10.05.2019, sótt er um leyfi til niðurriðs fasteignar að Kópavogsbraut 75, Kópavogi. Tímabundin starfsemi.

Með vísun til X. viðauka reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit er leyfi til niðurriðs heimiluð til 01.07.2019 að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

## *2.19 Nýbýlavegur 18, Kópavogur – matvæladreifing*

Lögð fram umsókn Smára Hrólfssonar, f.h. Móðurfélagið ehf., kt. 610108-1130, dags 22.05.2019, þar sem sótt er um leyfi til rekstur matvæladreifingu að Nýbýlavegi 18, Kópavogi. Um er að ræða nýja starfsemi.

Fyrir liggur eftirlit á merkingum dags. 23.05.2019

Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

## *2.20 Skemmuvegur 46, Kópavogur – trésmíðaverkstæði*

Lögð fram umsókn Hallmundar Marvinssonar, f.h. Trésmiðja HM ehf., kt. 570315-0560, dags. 16.05.2019, þar sem sótt er um leyfi til reksturs trésmíðaverkstæði að Skemmuvegi 46, Kópavogi, fastanr: 206 0519.

Um er að ræða nýja starfsemi. Fyrir liggur eftirlitsskýrsla dags. 16.05.2019.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 16.05.2019.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

## *2.21 Vallakór 4, Kópavogur – hársnyrtistofa*

Lögð fram umsókn Margrétar Matthíásdóttur, f.h. M Hárstofa slf., kt. 480319-0950, dags. 22.05.2019, þar sem sótt er um leyfi til reksturs hársnyrtistofu að Vallakór 4, Kópavogi. Fastanr: 2311637.

Um er að ræða nýja starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 12 ára með fyrirvara um samþykkta notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

### 3. Umsagnir

#### Garðabær

##### 3.3. *Blikastígur 18, Garðabær – gististaður, rekstrarleyfi*

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 10.05.2019, þar sem óskað er umsagnar á umsókn 4 All Fours ehf., kt. 580311-0240, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir gististað, minna gistiheimili, samkvæmt flokki II, að Blikastíg 18, Garðabæ.

Eftirlitsskýrsla dags. 22.01.2019.

Heilbrigðisnefnd veitir jákvæða umsögn með vísun til starfsleyfis dags. 03.04.2012.

##### 3.4. *Borgarholtsbraut 19, Garðabær – bakarí, tímabundið tækifærисleyfi*

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 22.05.2019, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Kársnes ehf., kt. 560119-2830, þar sem sótt er um tímabundið tækifærисleyfi í tilefni 17. júní skemmtunar við Rútstún þann 17. júní 2019.

Heilbrigðisnefnd staðfestir jákvæða umsögn.

##### 3.5. *Stríkið 6, Garðabær – veitingastaður, rekstrarleyfi*

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 03.05.2019, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Garðabæjar, kt. 570169-6109, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir kaffihús samkvæmt flokki II í Jónshúsi, Stríkinu 6, Garðabæ.

Heilbrigðisnefnd veitir jákvæða umsögn með vísun til starfsleyfis dags. 18.02.2008.

#### Hafnarfjörður

##### 3.6. *Strandgata 6, Hafnarfjörður – samkoma, tækifærисleyfi*

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 15.05.2019, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Bæjarbíós slf., kt. 611116-0550, þar sem sótt er um leyfi fyrir samkomu á útisvæði fyrir framan Bæjarbíó í tilefni af Bæjar- og tónlistarhátiðar við Strandgötu þann 08.07.2019 – 14.07.2019 frá kl. 18.00 – 01.00, miðvikudag, fimmtudag og föstudag en miðnættis aðra daga.

Heilbrigðisnefnd staðfestir jákvæða umsögn.


##### 3.7. *Suðurgata 9, Hafnarfjörður – gististaður, rekstrarleyfi*

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 21.05.2019, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Ýr Káradóttur, f.h. Reykjavík trading Co., kt. 700412-1480, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir gististað, minna gistiheimili, samkvæmt flokki II, að Suðurgötu 9, Hafnarfirði. Eftirlitsskýrsla dags. 09.04.2019.

Heilbrigðisnefnd veitir jákvæða umsögn með vísun til starfsleyfis dags. 25.03.2019.

### 4. Annað

#### 4.1. *Austurgata, Hafnarfjörður*



Lagt fram erindi Svavars G. Jónssonar f.h. Heima hjá þér sf., um leyfi fyrir veitingasölu í tjaldi við Austurgötu 30, Hafnarfirði á Austurgötuhátíðinni 17. júní n.k. Starfsemin er rekin í tenglum við rekstur veitingastaðarins að Tjarnarvöllum 15, Hafnarfirði. Fyrir liggur eftirlitsskýrsla dagsett 22.05.2019.

Heilbrigðisnefnd staðfestir leyfi til veitingasölu þann 17. júní 2019.

#### 4.2. Víðistaðatún, Víkingahátíð

Lagt fram erindi Hafsteins Kúld f.h. Rimmugígs kt.700497-2409 sækir um leyfi til að starfrækja Víkingahátíð á Víðistaðatúni 13. – 17. júní. Á hátíðinni verða bardagasýningar, bogfimi, leikjasýningar, tónlist og víkingahefðir endurskapaðar. Farið er fram á tækifærslaleyfi til gistingar í íþróttasal Víðistaðaskóla fyrir allt að 60 manns og heimild til að setja upp veitingatjald og selja matvæli og drykki. Þá hafa tveir aðilar sótt um tímabundið starfsleyfi til að starfrækja húðflúraðstöðu á svæðinu.

Heilbrigðisnefnd staðfestir leyfi til hátíðarinnar, þar með talið að gista í íþróttahúsini og afgreiða mat og drykk í veitingatjöldum með fyrirvara um úttekt heilbrigðisfulltrúa. Jafnframt er heimild uppsetning húðflúraðstöðu, enda liggi fyrir samþykki landlæknis og önnur þau leyfi sem gerð er krafa um.

#### 4.3. Ástand lóða í Kópavogi.

Heilbrigðiseftirlitinu hefur borist kvartanir um slæma umgengni á nokkrum stöðum í Kópavogi. Heilbrigðiseftirlitið hefur í samvinnu við Kópavogsbæ farið yfir stöðuna. Haft verður samband við lóðarhafa og farið fram á úrbætur.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:00.




Jón Haukur Ingvarson



Linda Hrönn Þórisdóttir



Sigurður Grétarsson



Sævar Gíslason  
Sævar Gíslason



Ingibjörg Hauksdóttir



Gnýr Guðmundsson

# FUNDARGERD STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

## 304. fundur

Föstudaginn 17. maí 2019 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. í Mjódd og hófst hann kl. 11:00.

### Mætt voru

Björg Fenger (BF), Hjálmar Sveinsson (HS), Karen Halldórsdóttir (KH), Helga Ingólfssdóttir og Ásgeir Sveinsson(ÁS).

Fjarverandi: Sigrún Edda Jónsdóttir, fulltrúi Seltjarnarness.

Fundinn sátu einnig Jóhannes S. Rúnarsson (JSR), framkvæmdastjóri og Ástríður Þórðardóttir (Áþ), sviðsstjóri fjármála og rekstrar sem ritaði fundargerð.

### Dagskrá fundar:

1. Innri endurskoðun 2019
2. Stefnumótun
3. Leiðakerfi
4. Árshlutauppgjör
5. Önnur mál

### Tekið fyrir:

#### 1. Innri endurskoðun 2019

Drög að skýrslu innri endurskoðanda lögð fram.

Umræður um skýrsluna, gert er ráð fyrir að innri endurskoðandi Strætó komi á næsta fund stjórnar og kynni skýrsluna.

#### 2. Stefnumótun

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðuna varðandi vinnu við stefnumótun Strætó sem samþykkt var að fara í á fundi stjórnar 21. desember 2018. Á fundinum voru kynnt drög að nýrri framtíðarstefnu Strætó og helstu áherslum í rekstri næstu árin.

Stjórn samþykkti að framkvæmdastjóri og formaður stjórnar kynni drögin fyrir fulltrúum sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu.

#### 3. Leiðakerfi – Nýtt leiðanet

Ragnheiður Einarsdóttir, sérfræðingur á skipulagssviði, kynnti vinnu sem er í gangi og varðar skiplag og leiðkerfi Strætó í sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu.

Í apríl og maí 2019 héldu fulltrúar Strætó fundi með hverju sveitarfélagi á höfuðborgarsvæðinu fyrir sig til að fara yfir leiðakerfismál er snúa að því sveitarfélagi. Á fundunum var farið yfir nýjustu farþegatölur, ræddar voru ýmsar framtíðarhugmyndir að leiðakerfisbreytingum ásamt því að farið var yfir ýmis umbótamál til skemmrí tíma.

Stjórn lýsir yfir ánægju með þessa vinnu og leggur til að þetta verði gert reglulega.

#### 4. Árshlutauppgjör

Uppgjörsdrög fyrir fyrsta ársfjórðung kynnt, endanlegt uppgjör verður lagt fyrir næsta fundi stjórnar.

#### 5. Önnur mál

- a) Sigríður Harðardóttir, mannaúðs- og gæðastjóri Strætó, kynnti drög að jafnlaunastefna, sem liður í vinnu við jafnlaunavottun fyrirtækisins. Stjórn samþykkir fyrirliggjandi drög með þeim breytingartillögum sem komu fram á fundinum.

- b) Rætt um ferðaþjónustu fatlaðra ásamt því að greint var frá störfum vinnuhóps sem hefur það hlutverk að fara yfir og skoða forsendur á nýju útboði ferðaþjónustu fatlaðra á höfuðborgarsvæðinu.

**Fylgiskjöl:**

- Jafnlaunastefna, samþykkt 17. maí 2019

---

Björg Fenger

---

Hjálmar Sveinsson

---

Helga Jónssdóttir

---

Karen Halldórsdóttir

---

Ásgeir Sveinsson

## **SAMSTARFSNEFND SKÍÐASVÆÐA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS**

Ár 2019, þriðjudaginn 14. maí var haldinn 375. fundur Samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var haldinn í Borgartúni 14 og hófst kl. 09:10.

Mættir: Gunnlaugur Bragi Björnsson Reykjavík, Halla Karí Hjaltested Kópavogi, Rúnar Bragi Guðlaugsson Mosfellsbæ, Magnús Örn Guðmundsson Seltjarnarnesi, Valdimar Viðisson varamaður fyrir Kristínu Maríu Thoroddsen Hafnarfirði.

Jafnframt: Magnús Árnason framkvæmdastjóri skíðasvæðanna og Helga Björnsdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

### **Þetta gerðist:**

1. Lagður fram úrsskurður Skipulagsstofnunar dags. 26. apríl 2019 vegna fyrirhugaðra framkvæmda í Bláfjöllum, þar sem fram kemur að ekki þurfi að fara í umhverfismat. Kærufrestur rennur út 31. maí 2019.
2. Lögð fram fundargerð SSH frá 6. maí 2019.  
Samþykkt að framsetning ársuppgjörs skíðasvæðanna verði í samræmi við hefðbundin reikningsskil.
- kl. 09:22 kom Björg Fenger á fundinn.
3. Lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra dags. 13. maí 2019. Opnumardagar í apríl voru í Bláfjöllum 7 og Skálafelli 2. Mikill snjór var á skíðasvæðunum í aprílþyrjun og stefndi í góða skíðapáska. Það gekk ekki eftir vegna mikillar rignar. Fjöldi opnumardaga í Bláfjöllum í veturn voru 40 dagar og Skálafelli 9.

Fundi slitið kl. 09:45.

Gunnlaugur Bragi Björnsson

Björg Fenger  
Halla Karí Hjaltested  
Valdimar Viðisson

Magnús Örn Guðmundsson  
Rúnar Bragi Guðlaugsson

## FUNDARGERÐ STJÓRNAR

407. fundur

Stjórnarfundur SORPU bs. (kt. 510588-1189) haldinn á skrifstofu byggðasamlagsins, Gylfaflöt 5, 112 Reykjavík þann 29.04.2019, kl.12:00.

Fundarstjóri: Birkir Jón Jónsson stjórnarformaður

Mættir:

Birkir Jón Jónsson, Kristín Soffia Jónsdóttir, Kristinn Andersen, Bjarni Torfi Álfþórsson, Jóna Sæmundsdóttir og Bjarki Bjarnason. Líf Magneudóttir, Kolbrún Þorsteinsdóttir og Ágúst Bjarni Garðarsson boðuðu forföll. Björn H. Halldórrson framkvæmdastjóri, Bjarni Hjarðar yfirverkfræðingur og Guðrún Eva Jóhannesdóttir skrifstofustjóri.

Tekið fyrir:

**1. Grænt bókhald SORPU bs. árið 2018**

Framkvæmdastjóri fer yfir og kynnir grænt bókhald SORPU bs. fyrir árið 2018 en Grant Thornton endurskoðar bókhaldið. Málið rætt. Stjórn staðfestir grænt bókhald SORPU og undirritar.

**2. Bréf Reykjavíkurborgar – ósk um morgunopnun á Sævarhöfða.**

Lagt fram bréf Reykjavíkurborgar, dagsett 17. apríl 2019 þar sem óskað er eftir því að endurvinnslustöðin að Sævarhöfða verði opin á morgnana virka daga og helgar. Kynnt minnisblað rekstrarstjóra enduvinnslustöðvanna um kostnaðaráhrif slíkrar opnunar. Málið rætt. Framkvæmdastjóra falið að uppfæra minnisblað rekstrarstjóra miðað við ósk Reykjavíkurborgar. Frestað til næsta fundar.

**Næsti fundur**

Næstu fundir ákveðnir þann 29. maí kl. 07:30 og 26. júní kl. 07:30

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið klukkan: 13:00

Fundarritari: Guðrún Eva Jóhannesdóttir

*Birkir Jón Jónsson  
Kristín Soffia Jónsdóttir  
Bjarki Bjarnason  
Bjarni Torfi Álfþórsson  
Bjarni H. Halldórrson  
Guðrún Eva Jóhannesdóttir*

## FUNDARGERÐ STJÓRNAR

408. fundur

Stjórnarfundur SORPU bs. (kt. 510588-1189) haldinn á skrifstofu byggðasamlagsins, Gylfaflöt 5, 112 Reykjavík þann 29.05.2019, kl.07:30.

Fundarstjóri: Birkir Jón Jónsson stjórnarformaður

Mættir:

Birkir Jón Jónsson, Líf Magneudóttir, Águst Bjarni Garðarsson, Bjarni Torfi Álfþórsson, Jóna Sæmundsdóttir og Kolbrún Þorsteinsdóttir. Björn H. Halldórsson framkvæmdastjóri, Bjarni Hjarðar yfirverkfræðingur og Guðrún Eva Jóhannesdóttir skrifstofustjóri. Gestir fundarins undir lið 8 voru Jón H. Sigurðsson frá pwc og Sigrún Guðmundsdóttir frá endurskoðunarnefnd SORPU og undir lið 3 Sveinbjörn Grímsson frá KPMG. Guðmundur Tryggvi Ólafsson rekstrarstjóri endurvinnslustöðvanna sat fundinn undir liðum 1,2 og 6.

Tekið fyrir:

### 1. Staðsetning og uppbygging nýrra endurvinnslustöðva

Lögð fram og kynnt frummatsskýrsla VSÓ á staðarvalsgreiningu fyrir staðsetningu endurvinnslustöðva. Jafnframt kynnt drög að minnisblaði framkvæmdastjóra um málefnið. Málið rætt. Stjórn felur framkvæmdastjóra um að senda erindi á Kópavogsbae og Garðabæ um möguleika á lóð undir endurvinnslustöð við Hafnarfjarðarveg í samræmi við minnisblaðið.

### 2. Bréf Reykjavíkurborgar – ósk um morgunopnun á Sævarhöfða

Lagt fram uppfært minnisblað rekstrarstjóra endurvinnslustöðvanna í samræmi við ákvörðun síðasta fundar um áhrif þess að endurvinnslustöðin á Sævarhöfða verði opin alla morgna. Áætlaður brúttó kostnaður er um 30 milljónir. Einnig kynntar tölur um umferðarmagn í móttökustöðina í Gufunesi. Málinu frestað.

### 3. Stefnumótun stjórnar


Ráðgjafi KPMG kynnir stöðu verkefnisins, hvað er komið og hvað vantar. Málið rætt.

### 4. Bygging gas- og jarðgerðarstöðvar / framvinda

Framkvæmdastjóri leggur fram minnisblað um framvindu verkefnisins. Í lok apríl er áfallinn kostnaður 916 millj, búið er að steypa um 58% af áætluðu steypumagni og staða verkefnisins er um 40%. Verkið er á áætlun en gera má ráð fyrir að SORPA þurfi að óska seinni hluta framlags vegna verkefnisins í ágúst / september nk.

### 5. Samanburður reksturs og áætlunar

Framkvæmdastjóri kynnir óendurskoðaðan samanburð reksturs og áætlunar fyrstu 3 mánuði ársins 2019.

  
B77 B77 KGP  
B7A B7A AMM  
B7B B7B RFG

- 6. Verksamningur og þjónustusamningur vegna grenndargámakerfisins**  
Lagt fram minnisblað rekstrarstjóra endurvinnslustöðvanna um þjónustusamning SORPU og sveitarfélaganna um rekstur grenndargámakerfisins og samning SORPU við verktaka um verkefnið. Farið er yfir hutverk hvers og eins. Málið rætt.
- 7. Erindi Flokks fólksins um 3ja tunnu kerfi í Reykjavík**  
Lagt fram erindi Flokks fólksins frá fundi Borgarráðs Reykjavíkur þann 2. maí sl. um þriggja tunnu kerfi í Reykjavík. Framkvæmdastjóri kynnir drög að svari.
- 8. Skýrsla innri endurskoðanda pwc og umsögn endurskoðunarnefndar SORPU**  
Lögð fram og kynnt skýrsla pwc um innri endurskoðun SORPU bs. Jafnframt lögð fram umsögn endurskoðunarnefndar SORPU bs. um sama málefni. Málið rætt.
- 9. Umsagnarbeiðni Samkeppniseftirlitsins vegna metan**  
Framkvæmdastjóri upplýsir stjórn um svarbréf Samkeppniseftirlitsins dagsett 23. maí 2019 um endurupptöku skilyrða í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 33/2012.
- 10. Minnisblað framkvæmdastjóra um stöðu förgunar á höfuðborgarsvæðinu frá 12. apríl sl.**  
Efni minnisblaðsins rætt að beiðni Kolbrúnar Þorsteinsdóttur, fulltrúa Mosfellsbæjar.

#### Næsti fundur

Næstu fundir ákveðnir þann 26. júní kl. 07:30.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið klukkan: 10:15

Fundarritari: Guðrún Eva Jóhannesdóttir

Birkir Þór Þórsson  
Jóna Steindóttir  
H. Ólafsdóttir  
Ígís Þórunn Þórsson  
Kolbrún G. Þorsteinsdóttir  
Bjarni Þórsson  
Bjarni Hjortz Guðrún Eva Jóhannesdóttir  
Birkir Þór Þórsson

**Samningur félagsmálaráðuneytisins og Garðabæjar  
um móttöku, aðstoð og þjónustu við hóp flóttafólks 2019–2021**

**1. Samningsaðilar**

- 1.1. Verkkaupi er félagsmálaráðuneytið, Skógarhlíð 6, 105 Reykjavík, kennitala: 521218-0610.
- 1.2. Verksali er Garðabær, Garðatorgi 7, 210 Garðabær, kennitala: 570169-6109.

**2. Tilefni samnings**

Ríkisstjórn Íslands samþykkti að taka á móti hópi flóttafólks sem staðsett er í Kenía á ríkisstjórnarfundi hinn 12. október 2018. Áætlað er að hópurinn komi til Íslands í maí 2019 og lýtur samningur þessi að móttöku, aðstoð og þjónustu við 10 flóttamenn yfir tuttugu og fjögurra mánaða tímabil. Gert er ráð fyrir samstarfi milli Garðabæjar, Rauða krossins á Íslandi og félagsmálaráðuneytisins við veitingu aðstoðar og þjónustu samkvæmt samningi þessum. Skulu viðmiðunarreglur flóttamannanefndar um móttöku og aðstoð við hópa flóttafólks frá 10. maí 2013 hafðar til viðmiðunar sem og leiðbeinandi reglur fyrir sveitarfélög um móttökuþjónustu og aðstoð við félagslega þáttöku flóttafólks frá maí 2014, þó með þeim frávikum sem leiðir af efni samnings þessa og kostnaðarliða sem er hluti af samningi þessum (sbr. fylgiskjal 1.).

**3. Verkefni verkkaupa**

Með samningi þessum tekur verkkaupi að sér að:

- 3.1. Veita fjármagni til móttökuverkefnisins að teknu tilliti til þarfa einstaklinganna sem hingað koma og umfangs verkefnisins í samræmi við kostnaðarliði sem tilgreindir eru í fylgiskjali 1 og eru hluti af samningi þessum (sjá fylgiskjal 1). Samið er til tveggja ára. Á öðru ári er greitt fyrir túlkapjónustu, námskeið og frístundir fyrir börn upp að ákveðinni fjárhæð, eftir atvikum, og sálfræðikostnað. Lokauppgjör fer fram að tveimur árum liðnum. Heimilt verður að færa kostnað vegna einstakra liða milli ára á samningstímanum séu þeir vannýttir. Að 12 mánuðum liðnum tekur við stuðningur og aðstoð í samræmi við reglur viðkomandi móttökusveitarfélags um fjárhagsaðstoð, sbr. einnig ákvæði VI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, með síðari breytingum, og er endurgreiddur kostnaður í samræmi við 15. gr. ofangreindra laga.
- 3.2. Skipa samráðshóp vegna aðlögunar flóttafólks og stuðnings við það. Samráðshópinn skipa tveir fulltrúar sveitarfélags, fulltrúi Rauða krossins á Íslandi, fulltrúi deildar Rauða krossins í viðkomandi sveitarfélagi og fulltrúi félagsmálaráðuneytisins sem er formaður hópsins. Um verkefni samráðshópsins fer eftir 12. gr. viðmiðunarreglna flóttamannanefndar frá 10. maí 2013. Gert er ráð fyrir tveimur fundum á ári eða eftir þörfum.
- 3.3. Skipa framkvæmdahóp sem í eiga sæti fulltrúar Rauða krossins og sveitarfélagsins sem vinna að daglegum verkefnum vegna móttökunnar. Um verkefni framkvæmdahópsins fer samkvæmt 13. gr. viðmiðunarreglna flóttamannanefndar frá 10. maí 2013.
- 3.4. Annast undirbúnning komu flóttafólks, þar með talið ferðatilhögun og fræðslu til flóttafólksins fyrir komuna til Íslands.
- 3.5. Sinna ráðgjöf og upplýsingagjöf fyrir starfsfólk sveitarfélaga eftir þörfum.
- 3.6. Tilgreina kostnaðarliði vegna móttöku flóttafólks í samráði við verksala. Tilgreindir kostnaðarliðir eru hluti af samningi þessum (sbr. fylgiskjal 1). Gert er ráð fyrir varasjóði sem nemur 10% af heildarkostnaði samnings þessa.

#### **4. Önnur verkefni ríkisins**

- 4.1. Tryggja ungmennum á aldrinum 16–24 ára námstilboð við hæfi í framhaldsskóla á fyrsta ári. Að því tímabili loknu skal veita þeim ráðgjöf um frekara framhaldsnám og símenntun. Tryggja ungmennum í framhaldsskóla rétt til kennslu í íslensku sem öðru tungumáli og gefa þeim tækifæri til að viðhalda móðurmáli sínu sem valgrein, í fjarnámi eða með öðrum hætti, sbr. 3. mgr. 35. gr. laga um framhaldsskóla, nr. 92/2008, sé það mögulegt.
- 4.2. Framhaldsskólar skulu setja sér áætlun um móttöku nemenda úr hópi flóttamanna. Móttökuáætlunin skal vera aðgengileg nemendum og foreldrum á tungumáli sem þau skilja. Þá skal móttökuáætlun vegna nemenda með annað móðurmál en íslensku taka mið af bakgrunni þeirra, tungumálfærni og færni á öðrum námssviðum, sbr. 4. mgr. 35. gr. laga um framhaldsskóla, nr. 92/2008.
- 4.3. Veita alla nauðsynlega heilbrigðisþjónustu sem völ er á. Enn fremur skal verkkaupi greiða hlut sjúklings í kostnaði við heilbrigðisþjónustu, sem þörf er á fyrstu sex mánuði dvalar flóttafólksins, sbr. 22. gr. viðmiðunarreglna flóttamannanefndar frá 10. maí 2013, eins og kostnaðurinn er tilgreindur í kostnaðaráætlun.

#### **5. Verkefni verksala**

Með samningi þessum tekur verksali að sér að:

- 5.1. Annast umsýslu fjármagns vegna verkefnisins og greiðslu reikninga í samræmi við kostnaðarliði (fylgiskjal 1).
- 5.2. Taka saman upplýsingar um fjárhagsstöðu móttökuverkefnisins, sbr. 6.2., á miðju samningstímabilinu og við lok þess. Lokauppgjöri skal skila eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að verkefni lýkur.
- 5.3. Útvega íbúðarhúsnæði fyrir flóttafólk.
- 5.4. Tryggja börnum leikskóladvöl. Verkkaupi greiðir 100.000 kr. af grunnkostnaði sem og sértækan kostnað sveitarfélaga vegna leikskóla.
- 5.5. Annast innritun og eftirfylgni í grunnskóla og frístundaheimili.
- 5.6. Aðstoða við leit að hentugum tómstundum fyrir börnin og aðstoða við skráningar.
- 5.7. Veita sérfræðiaðstoð félagsráðgjafa, geðlækna, sálfræðinga og stuðningsfulltrúa. Mat á þörf fyrir sérfræðiaðstoð fer fram í félagslegri ráðgjöf.
- 5.8. Tryggja aðgang að nauðsynlegri heilbrigðisþjónustu, flóttafólkini að kostnaðarlausu fyrstu sex mánuðina eftir komu til landsins. Þetta á einnig við um lyfseðilsskyld lyf og hjálpartæki, svo sem gleraugu og heyrnartæki. Að sex mánuðum liðnum skal flóttafólk ið sjálft greiða hlut sjúklings í heilbrigðis- og lyfjakostnaði enda sé búið að greina og meðhöndlæs eins og kostur er þá sjúkdóma og heilsabresti sem flóttafólk ið kann að hafa haft við komuna til landsins. Sé heilsa flóttamanns lakari en upphafleg greining sagði til um, eða ástand sem hefur hlotið meðhöndlun við komu ekki batnað, eða um er að ræða barnshafandi konu, skal verksali kalla eftir endurskoðun á kostnaðarlið vegna þess aðila. Í samráði við verkkaupa skal veita flóttafólk kost á tannlækningum, sbr. 23. gr. viðmiðunarreglna flóttamannanefndar um móttöku og aðstoð við hóp flóttafólks. Sú þjónusta skal látin þeim í té að kostnaðarlausu og miðast við nauðsynlega tannsmíði ásamt fræðslu um tannhirðu og að gert sé við skemmdar tennur. Ekki er greitt fyrir gullfyllingar eða krónu- og brúargerð. Samþykki félagsmálaráðuneytisins þarf fyrir verulega kostnaðarsönum aðgerðum áður en meðferð hefst.

- 5.9. Leitast skal við að börn flóttafólks fái kennslu í og á eigin móðurmáli í leik- og grunnskólum. Með kennslunni skal stefnt að virku tvítyngi þessara nemenda.
- 5.10. Gefa flóttafólki, þar á meðal börnum á leik-, grunn- og framhaldsskólaaldri, kost á ókeypis kennslu í íslensku sem öðru tungumáli og samfélagsfræðslu. Miða skal við að börnum og fullorðnum sé boðið upp á heildstætt nám í íslensku. Leitast skal við að íslenskukennarinn tali móðurmál flóttafólksins sé þess kostur.
- 5.11. Aðstoða við atvinnuleit í samvinnu við Vinnumálastofnun.
- 5.12. Greiða fyrir túlkapjónustu og aðkomu móðurmálskennara í grunnskóla og stuðning í framhaldsskóla.
- 5.13. Taka saman stöðumatsskýrslu um aðstæður fjölskyldnanna nú manuðum eftir komu þeirra til landsins og aftur við lok verkefnisins og eigi síðar en tveimur manuðum eftir að því lýkur.
- 5.14. Taka þátt í fræðslu- og kynningarstarfi fyrir og með samstarfsaðilum verkefnisins.
- 5.15. Tilnefna fulltrúa í framkvæmdahóp og samráðshóp móttökuverkefnisins.
- 5.16. Veita starfsfólki sem á aðkomu að móttökuverkefninu stuðning og handleiðslu miðað við þarfir hvers og eins.

## **6. Greiðslur, fjárreiður og fjárhagslegar ráðstafanir**

- 6.1. Verkkaupi greiðir verksala 59.800.000 kr. á gildistíma samningsins fyrir þá þjónustu sem fram kemur í 5. gr. með hliðsjón af kostnaðarliðum móttökuverkefnisins, sbr. fylgiskjal 1 með samningi þessum. Miðað er við að greitt sé sem nemur:
- 5.980.000 kr. fyrir hvern einstakling, sem er 18 ára eða eldri og rekur eigið heimili.
- 4.470.000 kr. fyrir hvern einstakling sem er í hjúskap eða sambúð og án barns.
- 3.440.000 kr. fyrir hvern einstakling í fjölskyldu þar sem barn/börn eru á heimili.

Gildir þetta um móttöku kvótaflóttafólks.

- 6.2 Fjárhæðin greiðist í þrennu lagi; 29.900.000 kr. koma til greiðslu við undirritun samningsins inn á reikning 0318-26-50, merkt kostnaðarstað ( ), 14.950.000 kr. koma til greiðslu eigi síðar en 1. september 2019 samkvæmt reikningi frá sveitarfélaginu og 14.950.000 kr. koma til greiðslu samkvæmt reikningi sveitarfélagsins 1. desember 2019, sbr. þó gr. 6.2. og 6.3.
- 6.3. Kostnaðarstaða verkefnisins skal endurskoðuð að 12 manuðum liðnum að teknu tilliti til stöðumatsskýrslna sem þá skulu liggja fyrir. Þá geta samningsaðilar hvor um sig óskað eftir að kostnaðarliðir verði endurmetnir ef veruleg frávik í kostnaði koma upp.
- 6.4. Óheimilt er að ráðstafa fjármunum til annarra verkefna en þeirra sem leiða af samningi þessum. Sé fjármununum ekki ráðstafað í samræmi við samning þennan í lok samningstíma skal verksali endurgreiða mismuninn innan þriggja mánaða frá lokauppgjöri að undanskildum áætluðum kostnaði vegna sálfræðiþjónustu og kostnaði vegna túlkapjónustu fyrir sálfræðiþjónustuna, í samræmi við ákvæði 27. gr. og 28. gr. viðmiðunarreglnanna frá 10. maí 2013, sbr. fylgiskjal 2, auk túlkapjónustu og námskeiða og frístunda fyrir börn, sbr. lið 3.1.
- 6.5. Verksali skal afla samþykxis verkkaupa til hvers konar fjárhagslegra ráðstafana sem ekki falla beint undir þá kostnaðarliði sem tilgreindir eru í fylgiskjali 1. Ríkisendurskoðun getur framkvæmt fjárhags- og stjórnsýsluendurskoðun á samningnum samkvæmt lögum um opinber fjármál, nr. 123/2015, og lögum um Ríkisendurskoðun, nr. 86/1997.

6.6. Halda skal kostnaði vegna verkefnisins til haga í bókhaldi verksala og veita verkkaupa upplýsingar um fjárhagsstöðu verkefnisins við endurmat kostnaðarliða að loknum 12 mánuðum. Uppgjöri skal skila með sömu sundurliðun og tilgreind eru í kostnaðarliðunum, sbr. fylgiskjal 1. Lokauppgjöri skal skila tveimur mánuðum eftir að móttökuverkefni lýkur. Verksali skal veita verkkaupa upplýsingar um stöðu verkefnisins, óski hann þess. Upplýsingarnar skal afhenda í síðasta lagi þremur vikum eftir að beiðni berst.

## 7. Meðferð ágreiningsmála og vanefndir

7.1 Telji samningsaðilar framkvæmd verkefnisins, í heild eða að hluta, ábótavant (vanefndir) eða samningsaðilar uppfylla ekki samningsskyldur sínar sem útlistaðar eru í 3.–5. gr. samningsins, þrátt fyrir að hafa fengið frest til úrbóta, skal gerð skrifleg athugasemd þar að lítandi. Eftir að athugasemdirnar hafa verið teknar upp í framkvæmdahópi og/eða samráðshópi, eftir því sem við á, ber viðeigandi samningsaðila að ráðast í úrbætur sem teljast mega nauðsynlegar miðað við efni samningsins, gerist þess þörf.

## 8. Réttarfar

8.1. Mál sem rísa kunna vegna brota á samningi þessum eða vegna ágreinings um túlkun hans skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

## 9. Framsal réttinda

9.1. Verksala er óheimilt að veðsetja rétt sinn samkvæmt samningi þessum.

9.2. Verksala er enn fremur óheimilt að framselja rétt sinn samkvæmt samningi þessum.

## 10. Samningstími

Samningur þessi er gerður skv. 40. gr. laga um opinber fjármál, nr. 123/2015, og gildir frá undirritun og fram að þeim tíma að 24 mánuðir eru liðnir (tvö ár) frá komu flóttafólksins.

## 11. Endurskoðunarákvæði

Verði af almennum breytingum á greiðslufyrirkomulagi viðmiðunarreglna flóttamannanefndar um móttöku og aðstoð við hópa flóttafólks frá 10. maí 2013 og leiðbeinandi reglum fyrir sveitarfélög um móttökupjónustu og aðstoð við félagslega þátttöku flóttafólks frá maí 2014 getur Garðabær farið fram á endurskoðun fjármögnunar verkefnisins.

## 12. Frumrit samnings og fyrirvari um staðfestingu

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og telst hvort um sig fullgilt frumrit. Eitt eintak skal vera í vörslu verkkaupa og annað í vörslu verksala.

Reykjavík, xx. maí 2019

---

Ásmundur Einar Daðason,  
félags- og barnamálaráðherra

---

Gunnar Einarsson,  
bæjarstjóri

Fylgiskjal 1: Kostnaðarliðir flóttamannaverkefnis 2018–2020.

Fylgiskjal 2: Viðmiðunarreglur flóttamannanefndar um móttöku og aðstoð við hópa flóttafólks, dags. 10. maí 2013.

# SAMNINGUR

Garðabær, kt. 570169-6109 og Skátafélagið Vífill, kt. 530576-0439 í samningi þessum nefnt félagið gera með sér eftirfarandi samning um styrk til byggingar útilífsmiðstöðvar í Heiðmörk.

## 1. gr.

Garðabær úthlutar féluginu lóð í Heiðmörk til að byggja útilífsmiðstöð. Stærð lóðarinnar samkvæmt gildandi deiliskipulagi er  $3.020 \text{ m}^2$  og gert er ráð fyrir að á lóðinni rísi  $200 \text{ m}^2$  hús að gólfleti að viðbættu  $100 \text{ m}^2$  svefnlofti.

## 2. gr.

Félagið munu standa að byggingu hússins og bera fulla ábyrgð á framkvæmdunum. Áður en framkvæmdir hefjast skal félagið láta vinna nákvæmar verklýsingar og tímaáætlun vegna byggingar mannvirkisins og skulu þær kynntar bæjarverkfræðingi.

Félagið leggur fram uppdrætti til byggingarfulltrúa og sækir um byggingarleyfi vegna framkvæmdanna.

Félagið tekur að sér framkvæmdir við aðkomu frá Vífilsstaðahlíð, lagningu rafmagns og vatnsveitu.

## 3. gr.

Við gerð samnings þessa er lögð til grundvallar áætlun um kostnað við byggingu útilífsmiðstöðvar að fjárhæð kr. 100.000.000 (áætlað) auk gatnagerðargjalda að fjárhæð kr. 6.500.000 (áætlað)

Heildarkostnaður við byggingu mannvirkisins er áætlaður kr. 106.500.000.

Til viðbótar er kostnaður vegna aðkomu frá Vífilsstaðahlíð, lagningu rafmagns og vatnsveitu sem er áætlaður um kr. 50.000.000.

## 4. gr.

Gert er ráð fyrir að framkvæmdir verði fjármagnaðar með eftirfarandi hætti.

Framlag Garðabæjar                    kr. 150.000.000.

Til viðbótar framlagi Garðabæjar fellir bærinn niður gatnagerðargjöld að fjárhæð kr. 6.410.700.

Heildarframlag Garðabæjar til verkefnisins er því kr. 156.500.000.

## 5. gr.

Framlag Garðabæjar til byggingar útilífsmiðstöðvar er að fjárhæð kr. 150.000.000 og skal greitt til félagsins sem hér segir:

Febrúar árið 2019                    kr. 50.000.000

Febrúar árið 2020	kr. 50.000.000
Febrúar árið 2021	kr. 50.000.000

Greiðslur skulu taka breytingum í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar og skal grunnvísitala samningsins vera vísitala neysluverðs í janúar 2019 460,5 stig.

Ef heildarkostnaður við verkið reynist vera lægri en ofangreind fjárhæð lækkar framlag Garðabæjar hlutfallslega. Ef heildarkostnaður við verkið reynist hærri er umframkostnaður á ábyrgð félagsins.

#### **6. gr.**

Aðilar eru sammála um að skipa samráðshóp sem í eiga sæti einn aðili frá hvorum samningsaðila. Samráðshópurinn skal funda reglulega a.m.k. einu sinni í mánuði. Hlutverk samráðhópsins er að fjalla um og hafa eftirlit með einstaka verkþáttum en endanlegar ákvarðarnir og ábyrgð á framkvæmdinni er hjá stjórn félagsins. Fulltrúi Garðabæjar í samráðshópnum ber að hafa eftirlit með að framlag Garðabæjar sé ráðstafað beint til verkefnisins.

Fundargerðir samráðshópsins skulu sendar bæjarráði og stjórn félagsins.

#### **7. gr.**

Við útgáfu nýs lóðarleigusamnings til félaganna skal þinglýsa kvöð á húsið um framlag Garðabæjar og að ekki sé heimilt að veðsetja eignina án samþykkis Garðabæjar.

Garðabær skal eiga forkaupsrétt að húsinu og við ákvörðun kaupverðs kemur framlag bæjarins til frádráttar kaupverði að teknu tilliti til breytingar á vísitölu neysluverðs mv. grunnvísitolu í janúar 2019 460,5 stig.

Forkaupsréttur Garðabæjar skal verða virkur hætti félagið að starfrækja hefðbundið skátastarf í sveitarfélaginu.

Við þinglysingu kvaðar skal kveðið á um að krafa Garðabæjar um endurgreiðslu framlags vegna sölu hússins gangi framar samningsveðum og þinglýstum fjárnámum.

#### **8. gr.**

Það er sameiginlegur skilningur samningsaðila að með tilkomu útilífsmiðstöðvar eigi að skapast betri möguleikar á að efla áhuga barna og unglings á starfsemi félagsins, enda verði húsnæðið notað til að starfrækja fjölbreytta uppeldisstarfsemi í anda skátaheyfingarinnar. Garðabær skal eiga rétt á í samráði við félagið að hafa endurgjaldslaus afnot af húsnæðinu fyrir tómstunda- og fræðslustarfsemi á vegum leik- og grunnskóla bæjarins. Samningsaðilar lýsa yfir áhuga á að húsnæðið verði nýtt sem áningarstaður í útvist almennings t.d. í skipulögðum útvistarviðburðum í Heiðmörk á vegum bæjarfélagsins og skátafélagsins.

#### **9. gr.**

Mál sem rísa kunna út af samningi þessum skulu rekin fyrir héraðsdómi Reykjaness.

**10. gr.**

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og er undirritaður af samningsaðilum í viðurvist tveggja vitundarvotta er votta rétta dagsetningu, undirskrift og fjárræði aðila.

Garðabæ, apríl 2019

F.h. Garðabæjar

F.h. Skátafélagsins Vífils

---

Gunnar Einarsson,  
,  
bæjarstjóri.

---

Thelma Rún van Erven  
formaður.

Vottar:

**Tillaga Garðabæjarlistans um stofnun stýrihóps og ráðningu verkefnastjóra yfir eftirfarandi verkefnum, Heilsueflandi samfélag, innleiðingu Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna og Heimsmarkmiðanna.**

**Flutningsmenn:** Sara Dögg Svanhildardóttir og Harpa Þorsteinsdóttir

Bæjarstjórn samþykkir að setja á laggirnar stýrihóp sem tekur utan um öll verkefnin sem nú þegar hefur verið ákveðið af bæjarstjórn að innleiða þ.e. innleiðingu Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna, Heimsmarkmiðanna og Heilsueflandi samfélaga. Jafnframt samþykkir bæjarstjórn að verkefnið velferð barna falli þar undir. Samhliða verði ráðinn verkefnastjóri sem heldur utan um framkvæmd verkefnanna.

### **Greinargerð**

Nú þegar ár er liðið frá því að Garðabær undirritaði samningu um Heilsueflandi samfélaga og þar sem á þessu fyrsta ári kjörtímabilssins er búið að samþykkja innleiðingu Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna sem og innleiðingu Heimsmarkmiðanna er ekki seinna vænna en að koma verkefnunum af stað með stýrihópi og ráðningu verkefnastjóra. Verkefnin eru stór og viðamikil og því mikilvægt að góð yfirsýn og gott utanumhald náist en ekki síður er mikilvægt að fylgja vinnunni eftir sem framundan er.

Samkvæmt upplýsingum sviðsstjóra er undirbúningsvinna hafin þ.e. búið er að afla upplýsinga frá viðkomandi samstarfsaðilum sem og sveitarfélögum sem komin eru vel af stað með verkefnin. Og því komið að því að láta verkin tala.

**Tillaga Garðabæjarlistans um gagnsærri stjórnsýslu**  
**Flutningsmaður: Sara Dögg Svanhildardóttir**

Garðabæjarlistinn leggur fram tillögu þess efnis að unnið verði skýrt verklag um þann tímaramma sem stjórnsýslunni er gefinn til þess að veita upplýsingar um fyrirspurnir kjörinna fulltrúa er varða starfsemi sveitarfélagsins. Þannig að hámarks afgreiðslufrestur verði ákvarðaður.

**Greinargerð.**

Til þess að styðja við gagnsæi og fagleg vinnubrögð stjórnsýslunnar skiptir máli að verkferlar liggi fyrir um sem flesta þætti stjórnsýslunnar. Það skiptir máli að aðgengi að upplýsingum sé gott og skilvirkni í að veita upplýsingar við fyrirspurnum sé skýr þegar kemur að tímaramma um skil á þeim gögnum sem óskað er eftir.

Tillagan er lögð fram þar sem mikill mismunur er á veittum svörum við formlegum fyrirspurnum og því ekki skýrt hvaða viðmið er við skil á upplýsingum sem óskað er eftir.